



Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022




Vestfirðir
STRANDSVÆÐIS-
SKIPULAG




AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða sem auglýst hefur verið samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 var samþykkt af svæðisráði 7. desember 2022. Samþykkt tillaga var send til staðfestingar innviðaráðherra í samræmi við 3. mgr. 13 gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af svæðisráði, hlotið staðfestingu innviðaráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda samanber 5. mgr. 13. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.



Svæðisráð samþykkti Strandsvæðisskipulag Vestfjarða samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 þann 6. desember 2022.



Innviðaráðherra staðfesti Strandsvæðisskipulag Vestfjarða samkvæmt 4. mgr. 13. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 þann 2. mars 2023.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
1. Inngangur	4
2. Leiðarljós skipulagsins.....	14
3. Samfélag og byggð.....	15
4. Vernd umhverfis og náttúru	17
5. Innviðir og orka	26
6. Auðlindanýting.....	36
7. Framfylgd skipulagsins	53
Heimildaskrá.....	57

1. Inngangur

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er unnið á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Svæðisráð ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulagsins en Skipulagsstofnun vinnur að gerð þess í umboði svæðisráðsins.

1.1. SVÆÐISRÁÐ

Svæðisráð um strandsvæðisskipulag Vestfjarða ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulagsins.

Hvað er strandsvæðisskipulag?

Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði í fjörðum og flóum (utan netlaga) þar sem sett er fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins. Strandsvæðisskipulag getur falið í sér stefnu um nýtingu svæða til eldis nytjastofna, efnistöku eða ferðaþjónustu, verndun eða samgönguleiðir, svo eitthvað sé nefnt.

Strandsvæðisskipulag er unnið í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Ráðherra skipulagsmála skipar svæðisráð sem ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulagsins en þar eiga fulltrúa bæði ríki og sveitarfélög. Svæðisráð vinnur að gerð strandsvæðisskipulags í samráði við önnur stjórnvöld, hagsmunaaðila og almenning, meðal annars með kynningu lýsingar í upphafi skipulagsferlisins og auglýsingu skipulagstillögu, þegar hún liggur fyrir. Strandsvæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af svæðisráði, staðfest af ráðherra skipulagsmála og birt í Stjórnartíðindum.

Áherslur í strandsvæðisskipulagi eiga að byggja á stefnu um skipulag haf- og strandsvæða sem er sett fram í landsskipulagsstefnu. Jafnframt skal gætt að samræmi við aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga. Þá er einnig horft til annarra áætlana stjórnvalda sem varða nýtingu og vernd á strandsvæðum.

Strandsvæðisskipulag leggur grunn að leyfisveitingum fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á því svæði sem skipulagið tekur til.

Svæðisráðið var upphaflega skipað af umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2019 og var þá svo skipað:

- Stefán Gíslason, formaður, skipaður án tilnefningar. Varafulltrúi: Hafsteinn Pálsson.
- Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, tilnefnd af aðliggjandi sveitarfélögum. Varafulltrúi: Samúel Kristjánsson.
- Lilja Magnúsdóttir, tilnefnd af aðliggjandi sveitarfélögum. Varafulltrúi: Jón Árnason.
- Þorgeir Pálsson, tilnefndur af aðliggjandi sveitarfélögum. Varafulltrúi: Hafdís Sturlaugsdóttir.
- Arnór Snæbjörnsson, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Varafulltrúi: Ásta Einarsdóttir.
- Ásta Þorleifsdóttir, tilnefnd af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Varafulltrúi: Eggert Ólafsson.
- Erla Sigríður Gestsdóttir, tilnefnd af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Varafulltrúi: Hreinn Hrafnkelsson.


- Aðalsteinn Óskarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varafulltrúi: Bryndís Gunnlaugsdóttir.

Með forsetaúrskurði 28. nóvember 2021 um skiptingu stjórnarráðsins færðust skipulagsmál frá umhverfis- og auðlindaráðherra til innviðaráðherra. Innviðaráðherra skipaði nýjan formann svæðisráðs í janúar 2022. Jafnframt hafa í ferlinu orðið breytingar á einstökum fulltrúum í ráðinu. Svæðisráðið er svo skipað í desember 2022:


- Magnús Jóhannesson, formaður, skipaður án tilnefningar. Varafulltrúi: Eggert Ólafsson.
- Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, Lilja Magnúsdóttir og Þorgeir Pálsson, tilnefnd af aðliggjandi sveitarfélögum. Varafulltrúar: Samúel Kristjánsson, Jón Árnason og Hafdís Sturlaugsdóttir.
- Freydís Vigfúsdóttir, fulltrúi matvælaráðuneytis. Varafulltrúi: Hjalti Jón Guðmundsson.
- Ásta Þorleifsdóttir, fulltrúi innviðaráðuneytis. Varafulltrúi: Friðfinnur Skaftason.
- Erla Sigríður Gestsdóttir, fulltrúi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Varafulltrúi: Hreinn Hrafnkelsson.
- Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Varafulltrúi: Bryndís Gunnlaugsdóttir.

1.2. SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags Vestfjarða nær yfir firði og flóa frá Bjargtöngum í suðri að Straumnesi í norðri. Mörk skipulagssvæðisins til lands eru við netlög, 115 m út frá stórstraumsfjöruborði, en staðarmörk sveitarfélaga miðast við netlög. Vakin er athygli á því að netlög hafa ekki verið kortlögð og er við gerð strandsvæðisskipulag Vestfjarða stuðst við þá nálgun að hliðra kortlagðri strandlínu af IS50 grunni Landmælinga, út um 115 m. Til hafs nær skipulagssvæðið að viðmiðunarlínu sem skilgreind er í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Að skipulagssvæðinu liggja sex sveitarfélög, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð og Bolungarvíkurhreppur.



Mynd 1. Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags Vestfjarða




Mynd 2. Landfræðileg afmörkun strandsvæðisskipulags, aðalskipulags sveitarfélaga og landsskipulagsstefnu

1.3. TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ OG ÁHRIF Á LEYFISVEITINGAR OG AÐRA STARFSEMI

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða byggist á stefnu um skipulag haf- og strandsvæða sem sett er fram í landsskipulagsstefnu. Hún tekur einnig mið af öðrum áætlunum ríkisins og aðliggjandi sveitarfélaga, svo sem samgönguáætlun, byggðaáætlun, aðalskipulagi aðliggjandi sveitarfélaga, sóknaráætlun Vestfjarða og áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Einnig stefnu sem mótuð hefur verið á grundvelli laga um fiskeldi um áhættumat erfðablöndunar, burðarþolsmat og staðbundið bann við fiskeldi.

Strandsvæðisskipulag markar stefnu um nýtingu skipulagssvæðisins. Leyfi fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á skipulagssvæðinu skulu vera í samræmi við strandsvæðisskipulagið. Þetta á við um leyfisveitingar til starfsemi á borð við efnistöku, varp efna í hafið, fiskeldi og ræktun skeldýra og sjávargróðurs. Sama gildir um aðra áætlanagerð stjórnvalda sem kemur í kjölfar strandsvæðisskipulags, svo sem ákvarðanir um eldissvæði á grundvelli laga um fiskeldi. Þá þurfa þeir aðilar sem hafa með höndum starfsemi á skipulagssvæðinu sem ekki krefst staðbundins leyfis, svo sem siglingar eða ferðaþjónustu, að taka mið af þeirri stefnu sem fram kemur í strandsvæðisskipulagi.



Mynd 3. Tengsl strandsvæðisskipulags við aðra áætlanagerð stjórnvalda og leyfisveitingar

1.4. UPPBYGGING STRANDSVÆÐISSKIPULAGSINS OG TÚLKUN ÞESS

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða er annars vegar sett fram í þessari greinargerð og hins vegar á skipulagsuppdrætti. Auk þess er skipulagið sett fram stafrænt í kortavefsjá. Þá fylgir skipulaginu umhverfismatskýrsla.

Í 2. kafla greinargerðarinnar eru sett fram leiðarljós strandsvæðisskipulagsins. Þeim er ætlað að endurspeglast í þeirri stefnu og skipulagsákvæðum sem sett eru fram í köflum 3-6 í greinargerðinni og á skipulagsuppdrætti.

Í köflum 3.1, 4.1, 5.1 og 6.1 í greinargerðinni er sett fram stefna strandsvæðisskipulagsins, sem skipt er í fjóra málaflokka:

- Samfélag og byggð
- Vernd umhverfis og náttúru
- Innviði og orku
- Auðlindanýtingu




Mynd 4. Uppbygging stefnu og ákvæða í skipulagsgreinargerð strandsvæðisskipulagsins

Túlka þarf stefnu strandsvæðisskipulagsins í hverjum þessara málaflokka með hliðsjón af leiðarljósum þess og stefnu í öðrum málaflokkum.

Kaflar 3.2, 4.2, 5.2, 6.2 innihalda þær forsendur sem liggja til grundvallar stefnunni og þær áskoranir sem upp gætu komið við framfylgd hennar.

Skipulagsákvæði strandsvæðisskipulagsins eru sett fram í köflum 4.3, 5.3 og 6.3. Þau eru sett fram eftir nýtingarflokkum sem skilgreindir eru í gr. 11.a í reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags.¹

Túlka þarf skipulagsákvæði sem sett eru fram fyrir hvern nýtingarflokk með hliðsjón af þeirri stefnu sem sett er fram í viðkomandi kafla og með hliðsjón af leiðarljósum strandsvæðisskipulagsins og stefnu þess í öðrum málaflokkum.



Mynd 5. Framsetning stefnu og ákvæða á skipulagsuppdrætti strandsvæðisskipulagsins

Stefna strandsvæðisskipulagsins er útfærð í skipulagsákvæðum um einstaka reiti innan skipulagssvæðisins sem auðkenndir eru á skipulagsuppdrætti.

Skipulagsreitirnir fela í sér stefnu og skipulagsákvæði sem skipt er niður á ólíka nýtingarflokka, en þeir geta verið eftirtaldir og hefur hver sinn einkennislit á skipulagsuppdrætti.

- Umhverfi og náttúra (UN)
- Siglingar (SI)
- Lagnir og vegir (LV)
- Orkuvinnsla (O)
- Staðbundin nýting (SN)
- Almenn nýting (A)

Í köflum 4.3, 5.3 og 6.3 í þessari greinargerð eru bæði sett fram almenn skipulagsákvæði fyrir hvern nýtingarflokk og einnig sértæk lýsing og skipulagsákvæði fyrir hvern skipulagsreit. Hver skipulagsreit er auðkenndur með skammstöfun viðkomandi nýtingarflokks og hlaupandi tölu. Lýsing og eftir atvikum sértæk skipulagsákvæði um hvern reit eru sett fram í töflum í greinargerð.


Skipulagsuppdrátturinn er settur fram í mælikvarðanum 1:100.000, en hægt er að skoða hann í nákvæmari mælikvarða í rafrænni útgáfu og í kortavefsjá. Netlög hafa ekki verið kortlögð og miðar skipulagsuppdrátturinn því við þá nálgun að hliðra kortlagðri strandlínu af IS50 grunni Landmælinga, út um 115 m.

Við túlkun landfræðilegra afmarkana á skipulagsuppdrættinum þarf að taka mið af mælikvarða skipulagsuppdráttarins og eðli þeirrar stefnumörkunar sem

¹ Reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020.

strandsvæðisskipulagið felur í sér og óvissu um nákvæma afmörkun netlaga. Þannig þarf að túlka legu og afmörkun reita á skipulagsupprætti með hliðsjón af því sem greina má við lestur á útprentuðum skipulagsupprætti í mkv. 1:100.000.

1.5. SKIPULAGSFERLIÐ



Vinna að gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða hvílir á bráðabirgðaákvæði í lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sem Alþingi samþykkti árið 2018, en þar var kveðið á um að hefja skyldi vinnu við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum í byrjun árs 2019 (sjá nánar í kafla 1.1 að framan).

Víðtækt samráð hefur verið haft við mótun skipulagstillögunnar.

Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulagsins var kynnt í maí 2020. Samhliða kynningu á lýsingunni var opnuð samráðsvefsjá á www.hafskipulag.is þar sem hægt var að koma að hugmyndum og ábendingum og merkja inn á kort staði sem fólk vildi vekja athygli á og tengdust núverandi nýtingu eða framtíðarnýtingu, verndarsjónarmiðum eða öðru sem þætti ástæða til að koma á framfæri.

Auk kynningar á lýsingu og samráðsvefsjá hefur samráð við mótun skipulagstillögunnar meðal annars falið í sér:

- Samráð haustið 2019 um drög að lýsingu við tiltekna fagstofnanir, vatnasvæðisnefndir og sérstakan samráðshóp sem skipaður er fulltrúum atvinnulífs og umhverfisverndarsamtaka auk fulltrúa sem svæðisráðið tilnefndi í samráðshópinn.
- Útgáfu skýrslu um helstu skipulagsforsendur á svæðinu, „*Samfélag, nýting, náttúra – Greining á forsendum fyrri gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum*“ í apríl 2021. Skýrslan er aðgengileg á www.hafskipulag.is. Við gagnaöflun fyrir skýrsluna var haft samráð við fjölmarga aðila og var efni hennar að hluta unnið af Náttúrustofu Vestfjarða.
- Útgáfu skýrslu um afrakstur samráðs á fyrri stigum í skipulagsferlinu, „*Afrakstur samráðs – Samantekt samráðsvinnu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum*“ í apríl 2021. Þar er auk ábendinga sem bárust í samráðsvefsjá og við kynningu lýsingar gerð grein fyrir afrakstri samráðsfunda með hagsmunaaðilum sem haldnir voru haustið 2020. Skýrslan er aðgengileg á www.hafskipulag.is.

- Samráð við fjölmarga aðila, þar á meðal Félag skipstjórnarmanna, Landhelgisgæsluna, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðina, Samgöngustofu, hafnarstjórnir aðliggjandi sveitarfélaga og Vestfjarðarstofu.
- Sérstaka kynningu á drögum að skipulagstillögu og helstu álitafnum fyrir samráðshóp og sveitar- og hafnarstjórnir snemma árs 2022.
- Miðlun upplýsinga um vinnuna jafnóðum á www.hafskipulag.is. Þar eru birtar allar útgáfur skjala í ferlinu ásamt fundargerðum svæðisráðs. Einnig er þar athugasemdagátt sem hefur verið opin í gegnum allt ferlið, þar sem hægt er að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum varðandi skipulagsvinnuna.
- Þá hafa fulltrúar í svæðisráði, sem sitja fyrir hönd ráðuneyta og sveitarfélaga, haldið sínum tilnefningaraðilum upplýstum um vinnuna.

Tillagan var auglýst til opinberrar kynningar í samræmi við 12. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða og stóð kynningartími tillögunnar frá 15. júní - 15. september.

Skipulagstillagan ásamt fylgigögnum var birt á vef Skipulagsstofnunar og auglýst í Bændablaðinu, Fréttablaðinu, Lögbirtingarblaðinu, Morgunblaðinu og á öðrum staðbundnum miðlum á Vestfjörðum sem og á vefjum aðliggjandi sveitarfélaga. Þrír opnir kynningarfundir voru haldnir á Vestfjörðum um tillöguna í júní. Að auki var haldinn sameiginlegur kynningarfundur fyrir tillögur að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða í Reykjavík í ágúst, sem einnig var streymt.

Svæðisráði bárust alls 126 athugasemdir við tillögu að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum. Tekin var afstaða til framkominna athugasemda og liggja viðbrögð svæðisráðs fyrir í skjalinu *Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022 – Viðbrögð svæðisráð við framkomnum athugasemdum*².

Svæðisráð hefur fundað 17 sinnum frá því að það var skipað í ársbyrjun 2019 þar til 7. desember 2022, þegar samþykkt var að senda ráðherra tillöguna til staðfestingar í samræmi við 13. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.


















Innviðaráðherra staðfesti skipulagið 2. mars 2023 í samræmi við 4. mgr. 13. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

1.6. UMHVERFISMAT

Við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum er umhverfismati beitt til að tryggja að standsvæðisskipulagið stuðli að sjálfbærri þróun og til að draga úr neikvæðum áhrifum þess á umhverfið. Umhverfismat strandsvæðisskipulagsins er framkvæmt í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, og er það samþætt og tvinnað inn í vinnu við mótun skipulagstillögunnar. Við vinnslu tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða var lagt mat á umhverfisáhrif stefnunnar í heild auk þess sem lagt var mat á ólíka valkosti um útfærslu stefnunnar með því að bera stefnu og valkosti saman við valin umhverfisviðmið. Umhverfisviðmiðin lýsa æskilegri þróun eða árangri með tilliti til sjálfbærni, nýtingar auðlinda og verndar náttúru- og menningarminja. Umhverfismatið í heild er birt í fylgiskjali með Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða en helstu niðurstöður má sjá í töflu 1.1.

² Skipulagsstofnun, 2022.

Tafla 1.1 Helstu niðurstöður umhverfismats

	Umhverfisþáttur	Umhverfisvísar	Vægiseinkunn
	Auðlindir	Eldi og ræktun Efnistaka og haugsetning Hlunnindanýting Ferðaþjónusta Orkuvinnsla	 Óveruleg áhrif
	Atvinna	Efnahags- og atvinnuþróun Íbúápróun	 Jákvæð áhrif
	Innviðir	Umferð og samgöngur Hafnir Fjarskipti Flutningskerfi raforku Orka	 Jákvæð áhrif
	Heilbrigði og öryggi	Útivist og afþreying Fráveita Loftgæði Haf- og lagnaðarís Náttúruvá	 Jákvæð áhrif
	Menningarminjar	Friðaðar og friðlýstar fornleifar Skipsflök á hafsbotni	 Óviss áhrif
	Strandsjór	Vatnsvernd og staða strandsjávarhlota Fráveita Mengandi starfsemi Efnistaka og haugsetning	 Óviss áhrif
	Umhverfi og náttúra	Vistgerðir, mikilvæg fuglasvæði, selalátur og búsvæði dýra sem njóta verndar Verndarsvæði og hverfisvernd	 Jákvæð áhrif
	Loftslagsbreytingar	Hækkun sjávarborðs Breytingar á ástandi sjávar Losun gróðurhúsalofttegunda Ofanflóðahætta	 Óviss áhrif

2. Leiðarljós skipulagsins



Sjálfbær þróun, heildarsýn á málefni hafsins og vistkerfisnálgun



Viðnámsþróttur gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum



Lífsgæði og samkeppnishæfni

Hér eru sett fram leiðarljós Strandsvæðisskipulags Vestfjarða. Þeim er ætlað að endurspeglast í stefnu og skipulagsákvæðum strandsvæðisskipulagsins, sem sett er fram í köflunum hér á eftir og á skipulagsupprætti.

Skipulagsákvæðanir fela í sér ráðstöfun svæða og auðlinda til ólíkrar nýtingar, oft til langs tíma og jafnvel varanlega. Mikilvægt er að stefna og framfylgd strandsvæðisskipulags Vestfjarða miði að sjálfbærri þróun og byggist á heildarsýn á málefni hafsins og vistkerfisnálgun. Þannig miði strandsvæðisskipulagið og þær ákvæðanir um leyfisveitingar, sem teknar eru á grundvelli þess að því að viðhalda heilbrigði skipulagssvæðisins, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins til langs tíma og rýri ekki gæði strandsjávar.

Viðnámsþróttur gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum er einnig mikilvægt leiðarstef í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og framfylgd þess. Fyrirsjáanlegt er að umhverfisbreytingar af völdum loftslagsbreytinga muni hafa áhrif á umhverfi og vistkerfi sjávar á skipulagssvæðinu með hlýnun og súrnun sjávar og hækkun sjávarborðs. Skipulag og leyfisveitingar þurfa að taka mið af þessari þróun og tryggja að fylgst sé með þróun lykimbreyta með markvissri umhverfisvöktun.

Með stefnu um fjölbreytta og sjálfbæra nýtingu í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða verður lagður grunnur að verðmætasköpun á skipulagssvæðinu sem getur eflt slagkraft aðliggjandi byggðarlaga og landsins alls. Jafnframt miði skipulagið að varðveislu sérkenna svæðisins og möguleikum til útivistar í því skyni að efla ímynd og sérstöðu aðliggjandi byggðarlaga og aðdráttarafl þeirra fyrir búsetu og atvinnurekstur.

3. Samfélag og byggð

3.1. STEFNA

- Nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða styðji aðliggjandi byggðarlög með tækifærum til fjölbreyttrar starfsemi og nýsköpunar.
- Nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða styðji lífsgæði íbúa aðliggjandi byggðarlaga og gesta svæðisins með lifandi strandmenningu, fjölskrúðugri náttúru og fjölbreyttum tækifærum til útivistar.
- Nýting og vernd strandsvæðis Vestfjarða stuðli að viðnámsþrótti byggðar og samfélags gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

3.2. FORSENDUR OG ÁSKORANIR

Öflug byggð og lífsgæði á Vestfjörðum

Strandsvæði á Vestfjörðum býr yfir auðlindum og gæðum. Nýting og vernd þess er ein af undirstöðum byggðar og samfélags á Vestfjörðum og víðar um land.

Í byggðaáætlun 2018-2023 eru sett fram markmið um sjálfbæra þróun byggða um allt land og öfluga byggðakjarna. Helsta viðfangsefni áætlunarinnar er að takast á við fækkun íbúa, einhæft atvinnulíf, breytingar vegna tækniþróunar og aðlögun að loftslagsbreytingum. Greina og setja í framkvæmd mótvægisáðgerðir, m.a. með bættum samgöngum og þjónustu. Lögð er sérstök áhersla á svæði sem standa höllum fæti.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024³ eru sett fram markmið um að auka verðmætasköpun með fjölgun fyrirtækja og starfa með menntuðu starfsfólki og að samfélagið byggist á mannauði, aukinni velferð og bættri lýðheilsu. Auka skal umhverfisvitund, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og draga úr sóun. Menningarstarf blómstri á grundvelli auðugs listalífs sem stutt er af öflugum fyrirtækjum og stofnunum, hágæða viðburðum og framúrskarandi aðstöðu til útiveru.

Íbúum á Vestfjörðum fækkaði um 17% á tímabilinu 1998-2019 og var fólksfækkun í öllum sveitarfélögum í landshlutanum, en mest fækkaði íbúum í Ísafjarðarbæ. Á sama tíma fjölgaði landsmönnum um ríflega 30% sem þýðir að íbúum Vestfjarða sem

³ Vestfjarðastofa, 2019.

hlutfalli af íbúum landsins fækkaði.⁴ Á síðustu árum hefur íbúum í aðliggjandi sveitarfélögum þó samanlagt fjölgað hægt og bítandi.⁵

Undirstaða sjálfbærrar og öflugrar byggðar á Vestfjörðum felst meðal annars í góðum og fjölbreyttum tækifærum til atvinnu og nýsköpunar. Sjávarútvegur, þar með talið fiskeldi, er ein af undirstöðuatvinnugreinum Vestfjarða auk annarrar hafsækinnar starfsemi eins og ferðaþjónustu og efnistöku af hafsbotni. Störfum í fiskeldi og ferðaþjónustu hefur fjölgað hvað mest af atvinnugreinum á Vestfjörðum. Störf í fiskeldi á Vestfjörðum voru tæplega 150 árið 2019 en innan við 20 árið 2009 og störf í ferðaþjónustu um 180 árið 2019 en tæplega 100 árið 2009.⁶

Mikilvægt er að skipulagsákvæðanir um nýtingu og vernd á strandsvæði Vestfjarða stuðli að fjölbreyttum atvinnutækifærum og verðmætasköpun með sjálfbærni að leiðarljósi. Þannig getur nýting og vernd strandsvæðisins best stutt við eflingu byggðar í nærliggjandi byggðarlögum og framtíðarsýn sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er sett fram stefna um öflugt samfélag með fjölbreyttu atvinnulífi sem einkennist af virðingu fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.

Ásókn í rými til ýmissa athafna og nýtingar á strandsvæði Vestfjarða hefur aukist á síðustu árum og fyrirséð að svo verði áfram. Vestfirðir hafa meðal annars, auk Austfjarða, verið vettvangur vaxandi laxeldis í sjókvíum á síðustu árum. Um leið og Strandsvæðisskipulag Vestfjarða þarf að sinna rýmisþörf rötgróinnar atvinnustarfsemi og slíkra vaxtarsprota þarf skipulagið jafnframt að huga að lífsgæðum og umhverfisvernd og tryggja gott aðgengi að útivistarsvæðum og viðhaldi svæða sem eru mikilvæg vegna náttúrufars og til útivistar og ferðaþjónustu.

Um forsendur fyrir stefnu strandsvæðisskipulagsins um samfélag og byggð vísast að öðru leyti til skýrslanna *Samfélag, nýting, náttúra*⁷ og *Afrakstur samráðs*⁸ sem teknar voru saman við mótun strandsvæðisskipulagsins.

⁴ Laufey Kristín Skúladóttir, 2019.

⁵ Hagstofa Íslands, e.d.

⁶ Skipulagsstofnun, 2021, b.

⁷ Skipulagsstofnun, 2021, b.

⁸ Skipulagsstofnun, 2021, a.

4. Vernd umhverfis og náttúru

4.1. STEFNA

- Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum strandsvæðis Vestfjarða með verndun landslagsheilda, sérstæðrar náttúru og menningargæða.
- Viðhaldið verði líffræðilegum fjölbreytileika og framleiðslugetu hafsins með því að standa vörð um vistkerfi og ástand sjávar.
- Stuðlað verði að möguleikum til útivistar um leið og tryggt verði að viðkvæm svæði verði ekki fyrir ágangi.
- Stuðlað verði að markvissri vöktun umhverfis, svo sem sjávarstöðubreytinga, breytinga á hitastigi og súrnun sjávar og breytinga á ástandi sjávar og lífríki.

4.2. FORSENDUR OG ÁSKORANIR

Afmörkun svæða og viðhald sérkenna og náttúrugæða

Rétt eins og á landi er mikilvægt að greina þau svæði á sjó sem þykja sérstæð eða búa yfir náttúrugæðum hvort sem er vegna landslags, sérstæðrar náttúru eða menningar. Verndarsvæði á sjó við Ísland hafa ekki verið skilgreind nema að litlu leyti. Við mat á því á hvaða afmörkuðu svæðum strandsvæðisskipulagið eigi að setja vernd í forgrunn vegna staðbundinna sérkenna þarf að líta til núverandi verndarsvæða á sjó sem og verndarsvæða á landi sem liggja að skipulagssvæðinu og tengsla þeirra við strandsvæðið. Einnig þarf að líta til sjónarmiða íbúa um hvaða svæði þeir telja mikilvæg vegna náttúru og útivistar. Mikilvægt er að huga að samfellu í vernd á landi og sjó, sérstaklega til þess að viðhalda lítt snortnum heildum sem hafa hátt útivistargildi og búsvæðum dýra. Aðliggjandi skipulagssvæðinu á landi eru fjölbreytt svæði sem njóta verndar eða þykir mikilvægt að vernda. Afmörkun sumra þessara svæða teygir sig inn á skipulagssvæði strandsvæðisskipulagsins. Þetta eru svæði sem eru á náttúruminjaskrá (friðlýst svæði (A-hluti) og aðrar náttúruminjar (C-hluti), njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum eða njóta hverfisverndar í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Þá hefur Náttúrufræðistofnun Íslands lagt fram tillögu að B-hluta náttúruminjaskrá⁹ þar sem er meðal annars lögð til friðlýsing svæða

⁹ B-hluti náttúruminjaskrár er framkvæmdaáætlun til fimm ára. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir tillögu að B-hluta náttúruminjaskrár til umhverfis-, orku- og auðlindaráðherra. Ráðherra leggur síðan fram tillögu til þingsályktunar um B-hluta náttúruminjaskrár að undangengnu mati Umhverfisstofnunar á

á og við strandsvæði Vestfjarða vegna fuglalífs, sela og vistgerða. Einnig hefur Náttúrufræðistofnun skilgreint mikilvæg fuglasvæði til að stuðla að viðgangi ákveðinna fuglategunda á svæðinu. Innan skipulagssvæðisins eru fjölmargar mikilvægar sjófuglabyggðir en einnig liggja mikilvæg fuglasvæði á fjörum og grunnsævum að skipulagssvæðinu.

Strandsvæði Vestfjarða er vettvangur útivistar og afþreyingar þar sem sérstaða svæðisins, náttúra, landslag og lítt snortin svæði, gegna lykilhlutverki. Í samráði við íbúa og hagsmunaaðila við mótun strandsvæðisskipulagsins¹⁰ kom fram að sérstaða svæðisins er talin felast í gjöfum fiskimiðum, ósnortinni og vogskorinni strandlengju, kyrrð og tengingu við sögu Vestfjarða. Aðstæður geri svæðið að mikilvægri auðlind, til afurðanýtingar, ferðaþjónustu og útivistar.

Neðansjávarminjar hafa ekki verið skráðar nema að takmörkuðu leyti hér við land. Rannsókn hefur staðið yfir á neðansjávarminjum við Ísland síðan 2010 og er markmið hennar meðal annars að fá yfirlit yfir fjölda, eðli og ástand neðansjávarminja við landið. Í rannsókninni er lögð áhersla á skipsflök og minjar við verslunarstaði og hvalveiðistöðvar.¹¹ Upplýsingar um hvaða afmörkuðu svæði er ástæða til að vernda vegna menningarminja neðansjávar liggja ekki fyrir.

Við ákvörðun um afmörkun svæða þar sem lögð verði áhersla á vernd umhverfis og náttúru þarf einnig að horfa til annarrar nýtingar sem fer fram á viðkomandi svæði, með tilliti til þess hvort mögulegt sé til framtíðar að samþætta nýtingu og vernd viðkomandi svæðis.

Líffræðilegur fjölbreytileiki og ástand sjávar

Nýting á auðlindum strandsvæðis Vestfjarða hefur í gegnum tíðina verið kjölfesta byggðar í aðliggjandi byggðarlögum ásamt því að vera vettvangur útivistar og afþreyingar fyrir íbúa og gesti. Heilbrigði haf- og strandsvæða, þ.m.t. framleiðslugeta, fjölbreytileiki lífríkis og náttúrulegt ástand vistkerfa, er lykilatriði fyrir nærsamfélag og náttúru svæðisins. Því er mikilvægt að skipulagið stuðli að vernd og viðhaldi einstakra reita innan skipulagssvæðisins sem eru mikilvægir fyrir fjölbreytileika lífríkis.

Umsvif manna eru helsta ógn við líffræðilegan fjölbreytileika, hvort sem það er vegna loftslagsbreytinga, eyðingar búsvæða eða innflutnings framandi tegunda. Í skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar frá 2018, *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi*, kemur fram að mótvægisaðgerðir vegna loftslagsbreytinga verði að taka tillit til verndunar líffræðilegs fjölbreytileika. Umhverfisbreytingar af völdum loftslagsbreytinga, sem felast meðal annars í súrnun, hlýnun og hækkandi seltustigi sjávar, kunna að verða alvarlegar fyrir strandsvæði hér við land. Þær geta orðið til þess að búsvæði raskast, sem kann þá jafnframt að hafa áhrif á fjölbreytileika lífríkis og nýtingu strandsvæða.¹²

Hugtakið „líffræðileg fjölbreytni nær til allrar lífandi náttúru, eininganna sem hún er byggð úr og birtingarformanna sem hún tekur. Líffræðileg fjölbreytni spannar náttúrlegan og manngerðan breytileika á öllum skipulagsstigum lífsins, frá erfðavísu og tegundum til vist- og lífkerfa.

verndarráðstöfunum. Náttúrufræðistofnun Íslands birti árið 2018 tillögu sína að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár. Tillaga að þingsályktun um B-hluta náttúruminjaskrár hefur ekki verið lögð fram á Alþingi síðan nágildandi lög um náttúruvernd tóku gildi árið 2015 (Náttúrufræðistofnun Íslands, e.d.).

¹⁰ Skipulagsstofnun, 2021, a.

¹¹ Ragnar Eðvardsson, 2014.

¹² Halldór Björnsson o.fl., 2018.

Með lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 voru sett markmið um gott eða mjög gott ástand vatns, þar með talið strandsjávar, til þess að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa. Umhverfisstofnun vinnur að ástandsmati strandsjávar á Vestfjörðum. Fyrir liggur greining á staðbundnu álagi á strandsjó. Algengast er að álag sé vegna skólpráveitu án hreinsunar frá þéttbýlisstöðum, en einnig er nokkuð um álag vegna fiskeldis, fiskvinnslu og iðnaðar.¹³ Álagsgreining á vatnshlotið Skutulsfjörður innri, þar sem helsti álagsþáttur er óhreinsað fráveituvatn, er metin óviss. Mikilvægt er að efla mælingar og vöktun á líffræðilegum gæðapáttum til að undirbyggja ákvarðanir um nýtingu og vernd á strandsvæðum og trausta umhverfisnálgun.

Óvissa ríkir um þau áhrif sem fylgja munu sjávarstöðubreytingum á Vestfjörðum. Samkvæmt útreikningum vísindanefndar um loftslagsbreytingar kann sjávarborð á Vestfjörðum að hækka um 33-45 cm.¹⁴ Mikilvægt er að kortleggja hvernig slík hækkun hefur áhrif á nýtingu og vernd strandsvæðisins.

Vöxtur í ferðaþjónustu og útivist

Aðdráttarafl ferðaþjónustu og útivistar á Vestfjörðum byggist ekki síst á sérstöðu svæðisins hvað varðar náttúru, landslag, menningu og kyrrð. Stefna um ferðaþjónustu á Vestfjörðum er sett fram í Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Leiðarljós áætlunarinnar er að Vestfirðir séu sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag.

Ferðaþjónusta á Vestfjörðum hefur sótt í sig veðrið og hefur hlutfall ferðamanna sem heimsækja Vestfirði hækkað á síðustu árum¹⁵. Auk þess kemur fjöldi ferðamanna til Vestfjarða með skemmtiferðaskipum yfir sumartímenn. Flest koma skipin til Ísafjarðar en einnig koma skip til Patreksfjarðar. Alls komu rúmlega 120 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar árið 2019¹⁶ með tæplega 98 þúsund farþega.¹⁷

Samkvæmt könnun á viðhorfi íbúa til ferðaþjónustu árið 2019 hafa Vestfirðingar mikla trú á efnahagslegu mikilvægi ferðaþjónustu og almennt virðast þeir vera jákvæðir gagnvart áhrifum ferðaþjónustu og ferðamanna á samfélagið og að hún auki fjölbreytni í atvinnulífi í heimabyggð.¹⁸

Uppbygging og vaxandi fjöldi ferðamanna á Íslandi hafa verið eitt af helstu viðfangsefnum skipulags á landi á síðustu árum. Strandsvæði eru ekki síður vettvangur ferðaþjónustu og afþreyingar og mikilvægt að skilgreina þau svæði sem nýtt eru til ferðaþjónustu og útivistar og þar sem líklegt þykir að ferðaþjónusta og útivist geti byggst upp.

Ein af áskorunum á strandsvæðum er hvernig stjórna megi umferð um þau, sér í lagi siglingu skemmtiferðaskipa nærri viðkvæmum svæðum á landi, eins og fuglabjörgum, og landtöku skipa, þar sem fjöldi farþega stígur á land, innan viðkvæmra svæða sem ekki hafa innviði til að bera fjölda ferðamanna. Á síðustu árum hefur það færst í aukana að tekin sé afstaða til umferðar á strandsvæðum í reglum um friðlýst svæði á landi. Það

¹³ Jóhanna Björk Weissshappel, 2013.

¹⁴ Halldór Björnsson o.fl., 2018.

¹⁵ Mælaborð ferðaþjónustunnar, 2022.

¹⁶ Skipulagsstofnun, 2021, b.

¹⁷ Vestfjarðastofa, 2022.

¹⁸ Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020.

er til dæmis gert í Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið á Hornströndum og í friðlýsingarskilmálum um friðlandið á Látrabjargi. Í strandsvæðisskipulagi, í tengslum við verndaráform, er tilefni til að taka afstöðu til þess hvort takmarka þurfi umferð skemmtiferðaskipa á viðkvæmum svæðum eins og við fuglabjörg.

Um forsendur fyrir stefnu strandsvæðisskipulagsins um verndun umhverfis og náttúru vísast að öðru leyti til skýrslanna *Samfélag, nýting, náttúra*¹⁹ og *Afrakstur samráðs*²⁰ sem teknar voru saman við mótun strandsvæðisskipulagsins.

4.3. SKIPULAGSÁKVÆÐI

Stefna strandsvæðisskipulagsins um *Vernd umhverfis og náttúru*, sem sett er fram í kafla 4.1 hér að framan, er útfærð staðbundið með skilgreiningu skipulagsreita í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra* sem auðkenndir eru á skipulagsuppdrætti og um gilda skipulagsákvæði sem tilgreind eru í kafla 4.3.1.

4.3.1. Umhverfi og náttúra (UN)

Á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra (UN)* á skipulagsuppdrætti er gert ráð fyrir verndun sérkenna viðkomandi svæðis vegna landslags eða náttúrulegs, sögulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um formlega friðun sé að ræða.

Ferðþjónusta og útivist geta samrýmst skilgreiningu reita í þessum nýtingarflokki. Veitulagnir, akkerislægi og sambærileg nýting geta einnig átt við á þessum reitum, að teknu tilliti til verndarhagsmuna á viðkomandi reit. Sama á við um atvinnuveiðar.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi skipulagsákvæði eiga almennt við á skipulagsreitum í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra*:

- Stuðla skal að verndun umhverfis og náttúru á reitunum. Ferðþjónusta og útivist skal taka mið af gildi náttúru, landslags, sögu og menningar þess. Í því felst að rask sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar.
- Aðstæðum fyrir hefðbundna nýtingu innan reitanna til atvinnuveiða eða nytja til einkanota verði viðhaldið.
- Lagning veitulagna, akkerislægi og sambærileg nýting er möguleg innan reitanna en lágmarka skal allt rask og truflun dýra eins og kostur er.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir ræktun eða öflun sjávargróðurs, skeldýrarækt eða efnistöku, en mögulegt er að veita slík leyfi falli starfsemin að áherslum nýtingarflokksins og umsagnir Náttúrufræðistofnunar og Hafrannsóknastofnunar mæla ekki gegn slíkri nýtingu.

¹⁹ Skipulagsstofnun, 2021, b.

²⁰ Skipulagsstofnun, 2021, a.

- Til þess að viðhalda náttúrulegum aðstæðum er ekki gert ráð fyrir starfsemi á reitunum sem hefur neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, haugsetningu, efnistöku, vegum sem þvera firði eða orkuframleiðslu.

Skipulagsákvæði fyrir einstaka skipulagsreiti

Í töflu 1 eru tilgreindir þeir reitir sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra* ásamt skipulagsákvæðum sem gilda sérstaklega um viðkomandi reit þegar það á við. Sértek skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti geta falið í sér takmarkanir umfram það sem gildir samkvæmt almennum skipulagsákvæðum um nýtingarflokkinn.

Tafla 1 Reitir í nýtingarflokknum Umhverfi og náttúra (UN)

Reitir	Lýsing reita og skipulagsákvæði
UN1 Útvíkur að Hænuvík	Aðliggjandi land er á náttúruminjaskrá (nr. 307) vegna fuglabjarga. Innan skipulagsreitsins eru tvö mikilvæg fuglasvæði, við Bjarnarnúp og Blakkur, og hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að Blakkur fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Í Látravík og Breiðavík er fjöldi friðlýstra fornminja við ströndina. Að reitnum liggur friðlandið Látrabjarg en markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstætt lífríki og búsvæði fugla á svæðinu. Látrabjarg er einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum á Vestfjörðum og er markmið Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða (2021) að unnið verði að heildarskipulagi fyrir áfangastaðinn Látrabjarg.
UN2 Örlygshöfn	Aðliggjandi land í Örlygshöfn er á náttúruminjaskrá vegna leira, skeljasands og fjölskrúðugs fuglalífs. Þar eru einnig leirur og votlendi sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Í samráði um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á svæðinu væri stundaður kajakróður. Við Örlygshöfn er bryggja sem er hluti af hafnarsvæði Vesturbyggðar samkvæmt hafnarreglugerð.
UN3 Tálkni	Skipulagsreiturinn er þrískiptur og er hann innan mikilvægs fuglasvæðis. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að svæðið fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að Tálkni væri mikilvægur fyrir sérstöðu strandsvæðis Vestfjarða en þar eru einnig stundaðar gönguferðir ásamt fuglaskoðun. Á þeim hluta reitsins sem er næstur Patreksfirði liggur hann innan afmarkaðs svæðis til siglinga, SI1. <ul style="list-style-type: none"> - Á þeim hluta UN3 sem tekur til reits SI1 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum og greiðum siglingum.
UN4 Selárdalshlíðar	Utanverður skipulagsreiturinn er skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði, Selárdalshlíðar. Aðliggjandi land á innri hluta svæðisins nýtur hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006–2018 vegna minja um útræði, en þar eru einnig varir og búðir. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á innri hluta svæðisins væru gönguleiðir.
UN5 Suðurströnd Arnarfjarðar að Hvestu	Aðliggjandi land er á náttúruminjaskrá (nr. 340) vegna sérkennilegs og óvenjulegs landslags. Grunnir dalir milli hárra, þverhnípra hamrafjalla sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á skipulagsreitnum og í nágrenni við hann væri stunduð fjölbreytt útivist, svo sem skútusiglingar og aðrar skemmtisiglingar, sjóstangveiði, fuglaskoðun, sjósund, brimbrettaiðkun og gönguferðir í fjörinni. Í samráðinu var einnig bent á mikilvægi Hvestu og Bakkadals fyrir sérstöðu Vestfjarða. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða (2021) gerir ráð fyrir uppbyggingu stærri áningarstaðar við Hvestu. Í Nýtingaráætlun Arnarfjarðar 2012–2024 var gert ráð fyrir svæði til útivistar meðfram suðurströnd Arnarfjarðar.

<p>UN6 Geirþjófsfjörður</p>	<p>Aðliggjandi land er á náttúruminjaskrá (nr. 310) vegna landslags og gróðurs. Tillaga að þjóðgarði á Vestfjörðum tekur til stórs hluta af aðliggjandi landi við Geirþjófsfjörð. Í Nýtingaráætlun Arnarfjarðar 2012-2024 var gert ráð fyrir að skipulagsreiturinn nyti verndar. Þar kemur fram að aðliggjandi land sé án veltengingar en ágætlega aðgengilegt göngufólki. Þá sé fjörðurinn sögulega mikilvægur vegna tengsla við Gísla sögu Súrssonar. Þrír bæir voru í firðinum en þeir eru allir komnir í eyði.</p>
<p>UN7 Dynjandisvogur</p>	<p>Aðliggjandi land í Dynjandisvogi er friðlýst vegna náttúruvættisins Dynjanda. Í voginum er fjölbreytt fuglalíf og leirurnar eru mikilvægar fæðustöðvar farfugla á vorin. Hið friðlýsta svæði er einnig hluti af tillögu að þjóðgarði á Vestfjörðum. Innan skipulagsreitsins í botni Dynjandisvogs eru leirur sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.</p>
<p>UN8 Tóarfjall</p>	<p>Skipulagsreiturinn er skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði. Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að svæðið verði á B-hluta náttúruminjaskrár. Skaginn allur aðliggjandi reitnum er á náttúruminjaskrá (nr. 311) vegna fjölbreytts landslags, gróðursælla hlíða og dala umgirtum stórskornu fjallendi.</p>
<p>UN9 Botn Dýrafjarðar</p>	<p>Skipulagsreiturinn er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða. Innan reitsins eru leirur sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga en aðliggjandi er votlendi og sjávarfitjar sem njóta sömu verndar. Aðliggjandi land að norðanverðu er á náttúruminjaskrá vegna stórbrotins lands, jökulhvilfta og árgljúfra. Þá er þar fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi ásamt söguminjum. Aðliggjandi land að sunnanverðu er einnig á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts landslags, gróðursælla hlíða og dala umgirtum stórskornu fjallendi. Þá eru þar framhlaup og jökulminjar. Hverfisverndarsvæði umliggur skipulagsreitinn og nær inn á það á litlu svæði. Innan reitsins liggur Vestfjarðarvegur ásamt raforkustreng. Um veginn og strenginn er afmarkað svæði fyrir lagnir og vegi, LV9.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Á þeim hluta UN9 sem tekur til reits LV9 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum og samgöngum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.
<p>UN10 Botn Önundarfjarðar/Vöð</p>	<p>Á hluta skipulagsreitsins liggur fyrir tillaga Náttúrufræðistofnunar um tilnefningu á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða. Stór hluti skipulagsreitsins er einnig á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts lífríkis. Reiturinn er innan hverfisverndarsvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna fjöru, grunnsæva og fjölbreytts lífríkis. Leirur og sjávarfitjar innan reitsins njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Innan reitsins eru selalátur. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum²¹ kom fram að æðardúnstekja væri við Hjarðardal og þar nærri væri einnig stundað sjósund og fjörur nýttar til útivistar. Þjóðvegur 1 þverar reitinn en meðfram honum liggur raforkustrengur. Þá liggja einnig fjarskipta- og raforkustrengir um reitinn við Holtstanga og í botni fjarðarinnar liggur loftlína yfir reitnum. Á þessum stöðum eru afmörkuð þrjú svæði fyrir nýtingarflokkinn <i>Lagnir og vegir</i>, LV11, LV12 og LV13. Við Holt er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Á þeim hluta UN10 sem tekur til reits LV11 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi og fjarskiptum. Það þýðir að notkun á búnaði sem hefur áhrif á öryggi strengja er óheimil. Þá er skipum einnig óheimilt að leggjast við akkeri á reitnum. - Á þeim hluta UN10 sem tekur til reits LV12 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum samgöngum. - Á þeim hluta UN10 sem tekur til reits LV13 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum flutningi raforku.

²¹. Skipulagsstofnun, 2021, a.

UN11
Sauðanes

Innan skipulagsreitsins er mikilvægt fuglasvæði. Aðliggjandi land nýtur hverfisverndar vegna lítt snortinna landslagsheilda frá fjöru að fjallstoppum.

UN12
Keflavík
og Skálavík

Innan skipulagsreitsins eru tvö mikilvæg fuglasvæði við Keflavík og á Bolafjalli. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fuglasvæðið á Bolafjalli fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Í Skálavík er útivistarsvæði. Aðliggjandi land við Keflavík nýtur hverfisverndar vegna lítt snortinna landslagsheilda frá fjöru að fjallstoppum skv. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

UN13
Hestfjörður og
Skötufjörður

Skipulagsreiturinn er hluti af svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna sela. Í vestanverðum Hestfirði er aðliggjandi land á náttúruminjaskrá vegna stórbrotins lands, jökulhvilfta og árgljúfra. Hvítanes, milli Hestfjarðar og Skötufjarðar, nýtur hverfisverndar samkvæmt. Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 vegna selalátra en þar er vinsæll áningarstaður. Foflafótur, milli Seyðisfjarðar og Hestfjarðar, nýtur einnig hverfisverndar vegna mikils þéttleika fornminja um fjölmenna byggð á svæðinu. Eyjan Vigur og svæðið í kringum hana er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði en Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að eyjan og strandsvæði hennar fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Í Vigur er friðlýst æðarvarp. Í samráðinu kom einnig fram að svæðið væri mikilvægt fyrir sérstöðu Vestfjarða og þar væri stunduð fugla- og selskoðun. Fjarskiptastrengur liggur um svæðið í Hestfirði og raforkustrengur yfir skipulagsreitinn við Vigur, en um þá er afmarkað svæði fyrir lagnir og vegi, LV17 og LV19. Í Skötufirði er leyfi til kræklingaræktar.

- Á þeim hluta UN13 sem tekur til reita LV17 og LV19 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi og fjarskiptum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.

UN14
Ögurnes,
Strandsejvík og Þernuvík

Skipulagsreiturinn er hluti af svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna sela. Aðliggjandi eru tvö svæði á landi sem njóta hverfisverndar vegna sögu og fornminja samkvæmt Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030. Það eru Ögur og Ögurnes. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum²² kom fram að svæðið væri nýtt til kajakróðurs og væru farnar lengri og styttri kajakferðir um Ísafjarðardjúp frá Ögri. Eins er svæðið nýtt til skútusiglinga og annarra skemmtisiglinga.

²² Skipulagsstofnun, 2021, a.

UN15
Vatnsnes
að Ósi
við mynni Ísafjarðar

Skipulagsreiturinn er hluti af svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna sela. Aðliggjandi skipulagsreitnum er Vatnsfjarðarnes sem er á náttúruminjaskrá (nr. 322) vegna fagurs og fjölbreytts lands og sérstæðra sjávarrofsmyndana. Aðliggjandi er Reykjanes, sem er einnig á náttúruminjaskrá (nr. 321), en það er eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Þar eru einnig sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt dýralíf. Borgarey er innan skipulagsreitsins en hún er á náttúruminjaskrá (nr. 341) vegna fuglalífs en Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að eyjan fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Innan skipulagsreitsins er einnig friðlýst æðarvarp á Vatnsfjarðarnesi og Borgarey. Innan reitsins og við hann eru heitar uppsprettur sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Þá eru leirur og sjávarfitjar innan reitsins í Ósi í Ísafirði sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Talsverð umferð er um skipulagsreitinn. Einstaka skemmtiferðaskip kemur inn að Borgarey. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að reiturinn þykir mikilvægur fyrir sérstöðu skipulagssvæðisins. Vestfjarðarvegur liggur um reitinn á tveimur stöðum, yfir Mjóafjörð og Reykjafjörð, og meðfram honum liggja fjarskiptastrengir. Þá liggur fjarskiptastrengur um reitinn í botni Mjóafjarðar og raf- og fjarskiptastrengir liggja um reitinn í Ísafirði. Innan skipulagsreitsins eru afmörkuð fjögur svæði í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir*, LV20, LV21, LV22 og LV23.

- Á þeim hluta UN15 sem tekur til reita LV20 og LV22 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum og samgöngum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.
- Á þeim hluta UN15 sem tekur til reita LV21 og LV23 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi og fjarskiptum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.

UN16
Kaldalón

Skipulagsreiturinn er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi. Hluti reitsins er einnig á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags. Ýmsar berggerðir eru á svæðinu, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtarbrandur. Þá er þar fjölskrúðugur gróður og dýralíf. Leirur á skipulagsreitnum njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Aðliggjandi svæði á landi njóta hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2021. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að reiturinn þyki mikilvægur fyrir sérstöðu skipulagssvæðisins.

UN17
Æðey

Skipulagsreiturinn er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Æðey og svæðið í kring er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Þar er einnig friðlýst æðarvarp. Innan skipulagsreitsins liggja fjarskipta- og raforkustrengir, en um þá er afmarkað svæði fyrir lagnir og vegi, LV25. Í Æðey er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.

- Á þeim hluta UN17 sem tekur til reits LV25 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi og fjarskiptum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.

UN18
Jökulfirðir

Aðliggjandi land að norðanverðum skipulagsreitnum er friðlandið Hornstrandir. Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að Hornstrandir fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Tvö mikilvæg fuglasvæði eru innan reitsins, við Grænuhlíð og Vébjarnarnúp. Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að svæðið við Grænuhlíð fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Í sunnanverðum fjörðunum er Drangajökulssvæðið, það er á náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að Drangajökulssvæðið fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna jarðminja. Drangajökulssvæðið nýtur einnig hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Við Jökulfirði er ekki föst búseta og lítil umsvif manna. Land í Jökulfjörðum og á Drangajökulssvæðinu er ekki vegtengt og flestir koma þangað sjóleiðina. Svæðið er þekkt fyrir óbyggðaupplifun. Hornstrandir og Drangajökulssvæðið eru vinsæl svæði til útivistar og ferðamennsku. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að útivist og ferðaþjónusta væri stunduð á skipulagsreitnum og aðliggjandi landi, en lendingastaðir væru í innfjörðum. Í samráðinu komu fram sjónarmið um að reiturinn væri mikilvægur fyrir sérstöðu Vestfjarða. Í samráðinu kom einnig fram að meðfram ströndum í utanverðum Jökulfjörðum væru veiðisvæði hörpudisks.

UN19
Aðalvík

Að skipulagsreitnum liggur friðlandið á Hornströndum. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að landsvæði friðlandsins fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Grænahlíð og Ritur eru skilgreind sem mikilvæg fuglasvæði. Jafnframt hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að svæðin fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Engin föst búseta er í Aðalvík en hús þar eru nýtt til sumardvalar. Víkin er vinsæll göngustaður og viðkomustaður göngufólks á Hornströndum. Umferð í Aðalvík tengist ferðaþjónustu og fiskveiðum, mest skipum undir 1000 brúttótonnum. Utan við Aðalvík er mikil umferð skipa á leið til hafna í utanverðu Ísafjarðardjúpi. Veiðar eru stundaðar á öllu svæðinu, aðallega krókaveiðar, plógur og dragnótarveiðar. Tvö rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar eru á svæðinu, eitt innanlega í Aðalvík og annað utar.

5. Innviðir og orka

5.1. STEFNA

- Tryggðar verði öruggar og greiðar samgöngur og aðgengi að höfnum á strandsvæði Vestfjarða.
- Stuðlað verði að öruggum og tryggum innviðum fyrir íbúa og atvinnulíf sem hafi viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum.
- Nýting vistvænna orkuauðlinda á strandsvæðum Vestfjarða verði í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérkenni svæðisins og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar nýtingar.

5.2. FORSENDUR OG ÁSKORANIR

Siglingar

Siglingar eru mikilvægur hluti af nýtingu strandsvæða. Tryggja þarf örugga og greiða leið í og úr höfn. Almennt hafa siglingaleiðir ekki verið skilgreindar við landið að undanskildum siglingaleiðum úti fyrir Suðvesturlandi.²³ Mikil skipaumferð er á strandsvæði Vestfjarða en umferð stærstu skipanna er mest í Ísafjarðardjúpi og inn til hafnar á Ísafirði. Í Arnarfirði er einnig talsverð umferð stærri skipa. Ýmis starfsemi á strandsvæðum getur hindrað för skipa, svo sem ýmis staðbundin nýting eins og fiskeldi, skeldýrarækt eða ræktun á sjávargróðri. Veiðar með veiðarfærum sem skilin eru eftir geta einnig hindrað för skipa. Slíkt hið sama gildir um skip sem liggja við akkeri, svo dæmi séu tekin.

Í strandsvæðisskipulagi er mikilvægt að skilgreina hindrunarlaus svæði sem ætluð eru til siglinga til þess að tryggja örugga og greiða leið í og úr höfn. Ekki liggja fyrir skýr viðmið fyrir afmörkun siglingaleiða hér á landi önnur en þau sem siglingaljós og merki gefa til kynna. Við skilgreiningu svæða fyrir siglingar í strandsvæðisskipulagi var auk upplýsinga um siglingaljós og -merki haft samráð við Landhelgisgæsluna, Samgöngustofu, Vegagerðina, hlutaðeigandi hafnarstjórnir og Félag skipstjórnarmanna. Auk þess er byggt á uppsöfnuðum siglingaferlum frá PAME²⁴ og horft til leiðbeininga Kystverket um afmörkun svæða til siglinga.²⁵

²³ Reglugerð um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningarskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi nr. 523/2008.

²⁴ Protection of the Arctic Marine Environment, e.d.

²⁵ Kystverket, 2019. Kystverket er norsk ríkisstofnun sem fer með stjórn strandsvæða og siglingaöryggi þar í landi.

Samkvæmt leiðbeiningum Kystverket skulu afmörkuð svæði til siglinga almennt vera 1 km að breidd til að tryggja öruggar og greiðar leiðir, en taka þarf mið af aðstæðum á hverjum stað. Þar kemur einnig fram að í ákveðnum tilvikum sé tilefni til að skilgreina breiðara svæði fyrir siglingar en 1 km. Á það meðal annars við um umferð skipa sem eru stærri en 235 metrar á lengd eða 32 metrar á breidd, sérstaklega ef um er að ræða stór skemmtiferðaskip og flutningaskip. Sambærileg viðmið hafa ekki verið skilgreind af stjórnvöldum hér á landi og er því hér horft til framangreindra viðmiða Kystverket. Aðstæður í mörgum fjörðum á Vestfjörðum eru þannig að ekki er hægt að skilgreina svæði til siglinga sem eru 1 km á breidd. Er það bæði vegna þess að þar er fyrir staðbundin starfsemi eða að landfræðilegar aðstæður bjóða ekki upp á svo breitt svæði til siglinga. Svæði til siglinga í Skutulsfirði takmarkast til að mynda af staðbundinni nýtingu sem þar er fyrir. Um áhrif sjókvíaeldis á siglingar vísast í kafla 6.2.

Örugg fjarskipti og afhending raforku

Örugg fjarskipti og afhending raforku er einn af lykilþáttum fyrir samkeppnishæfni svæðisins og landsins alls. Raforku- og fjarskiptastrengir liggja víða í sjó á skipulagssvæðinu en ýmis starfsemi þar getur haft áhrif á öryggi þeirra. Má þar nefna veiðarfæri sem dregin eru eftir botni, hvers konar festingar vegna staðbundinnar nýtingar og efnistöku. Í lögum um fjarskipti nr. 81/2003 er kveðið á um aðgæslu sjófarenda þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó. Bannað er að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botn eða dregin eftir honum á belti sem nær 463 metra út frá streng til beggja hliða. Skipum er einnig bannað að leggjast við akkeri á sama belti. Því er mikilvægt að í strandsvæðisskipulagi séu skilgreind svæði sem stuðla að öryggi raforku- og fjarskiptastrengja og koma í veg fyrir röskun á virkni þeirra.

Lagning raflína um strandsvæði getur verið með sæstreng eða loftlínu, háð aðstæðum. Loftlína getur mögulega takmarkað nýtingu strandsvæðis á annan hátt en lagning strengs á hafsbotni. Strandsvæðisskipulagið þarf að afmarka svæði fyrir núverandi og fyrirséðar nýjar strengleiðir. Samkvæmt kerfisáætlun 2020-2029 er fyrirhugað að styrkja flutningskerfið á Vestfjörðum með hringtengingu sem felur í sér lagningu strengs yfir Arnarfjörð, frá Bíldudal að Hrafseyri.

Orkuvinnsla á hafi

Íslensk stjórnvöld hafa í orkustefnu fyrir Ísland lagt áherslu á að auka fjölbreytni í orkuframleiðslu með því að hagnýta vindorku og aðra nýja endurnýjanlega orkukosti. Orkuvinnsla kann að verða áhugaverður kostur á strandsvæði Vestfjarða í framtíðinni en ekki liggur fyrir með hvaða hætti orkuvinnsla gæti farið fram á svæðinu eða hvaða staðir innan þess væru hentugir. Miðað við núverandi stöðu virðist virkjun sjávarorku ekki hagkvæm við Ísland en það kann að breytast með þróun tæknibúnaðar.²⁶ Engin leyfi eru til orkuframleiðslu á svæðinu.

Mestur vöxtur er í nýtingu endurnýjanlegrar orku í formi vindorku á heimsvísu og er nýting vindorku á hafi vaxandi hluti þess afls sem sett er upp árlega.²⁷ Til þessa hefur vindorka ekki verið virkjuð í stórum stíl á Íslandi en áform um virkjun hennar hafa verið kynnt á fjölda svæða á landi.

Ekki hefur verið mótuð stefna um orkuvinnslu á hafi hér við land af hálfu íslenskra stjórnvalda. Fyrirsjáanlegt er að kannaðir verði möguleikar á orkuframleiðslu á

²⁶ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015.

²⁷ Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, 2018.

strandsvæðum í framtíðinni. Á þessu stigi er ekki mótuð stefna um orkuvinnslu eða skilgreindir reitir í skipulaginu helgaðir orkuvinnslu.

Umhverfisbreytingar vegna loftslagsmála

Óvissa ríkir um þau áhrif sem fylgja munu sjávarstöðubreytingum á innviði og orkuframleiðslu á Vestfjörðum. Samkvæmt útreikningum vísindanefndar um loftslagsbreytingar kann sjávarborð á Vestfjörðum að hækka um 33-45 cm.²⁸ Mikilvægt er að kortleggja hvernig slík hækkun hefur áhrif á nýtingu og vernd strandsvæða.

Um forsendur fyrir stefnu strandsvæðisskipulagsins um innviði og orku vísast að öðru leyti til skýrslanna *Samfélag, nýting, náttúra*²⁹ og *Afrakstur samráðs*³⁰ sem teknar voru saman við mótun strandsvæðisskipulagsins.

5.3. SKIPULAGSÁKVÆÐI

Stefna strandsvæðisskipulags um *Innviði og orku*, sem sett er fram í kafla 5.1 að framan, er útfærð staðbundið með skilgreiningu skipulagsreita í nýtingarflokkunum *Siglingar og Lagnir og vegir* sem auðkenndir eru á skipulagsupprætti og um gilda skipulagsákvæði sem tilgreind eru í köflum 5.3.1 og 5.3.2.

Ekki hefur verið mörkuð stefna um svæði til orkuvinnslu á strandsvæði Vestfjarða og því eru á þessu stigi ekki skilgreindir skipulagsreitir sem helgaðir eru orkuvinnslu í strandsvæðisskipulaginu.

5.3.1. Siglingar (SI)

Á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Siglingar* (SI) á skipulagsupprætti er gert ráð fyrir umferð skipa til og frá höfn, svo sem flutningaskipa, skemmtiferðaskipa, bílferja og stærri fiskveiðiskipa.

Atvinnuveiðar geta samrýmst skilgreiningu reita í þessum nýtingarflokki. Einnig umferð vegna ferðaþjónustu og útivistar, svo sem skipulagðra ferða og ferða á eigin vegum á vélknúnum bátum, seglbátum og kajökum, auk köfunar, brimbrettaiðkunar og nytja til einkanota. Veitulagnir og sambærileg nýting getur átt við á svæðum fyrir siglingar, að teknu tilliti til hagsmuna skipaumferðar.

Á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Siglingar* skulu siglingar skipa til og frá höfn hafa forgang. Afmörkun reitanna byggist á uppsöfnuðum siglingagögnum skipa (AIS gögn) frá árunum 2017-2020³¹ og er horft til þess hvar umferð skipa er mest og að leiðir séu færar stærri skipum eftir því sem við á. Siglingar verða þó áfram mögulegar almennt á strandsvæði Vestfjarða með þeim takmörkunum sem þar kunna að gilda samkvæmt skipulagsákvæðum viðkomandi reits.

²⁸ Halldór Björnsson o.fl., 2018.

²⁹ Skipulagsstofnun, 2021, b.

³⁰ Skipulagsstofnun, 2021, a.

³¹ Protection of the Arctic Marine Environment, e.d.

Almenn skipulagsákvæði:

Eftirfarandi skipulagsákvæði eiga almennt við á skipulagsreitum í nýtingarflokknum *Siglingar*:

- Stuðla skal að öruggum og greiðum siglingum. Jafnframt er gert ráð fyrir að bátar og skip geti siglt utan þessara reita þar sem önnur nýting takmarkar ekki siglingar. Skilgreining reita í nýtingarflokknum *Siglingar* takmarkar ekki atvinnuveiðar eða rannsóknir Hafrannsóknastofnunar að því gefnu að þær hindri ekki siglingar.
- Lagning veitulagna getur átt við á reitum fyrir *Siglingar* að teknu tilliti til siglingaöryggis.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir haugsetningu eða efnistöku innan reita fyrir *Siglingar* en mögulegt er að veita slík leyfi að undangenginni umsögn hafnaryfirvalda þar sem ekki er mælt gegn slíkri nýtingu.
- Innan reita sem skilgreindir eru fyrir *Siglingar* er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum eða staðbundinni starfsemi/nýtingu sem hindrar för skipa eða hefur áhrif á siglingaöryggi svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku, ræktun eða slætti sjávargróðurs, orkuframleiðslu, akkerislægjum eða vegum sem þvera firði.

Skipulagsákvæði fyrir einstaka skipulagsreiti:

Í töflu 2 eru tilgreindir þeir reitir sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Siglingar* ásamt skipulagsákvæðum sem gilda sérstaklega um viðkomandi reit, þegar það á við. Sértek skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti geta falið í sér takmarkanir umfram það sem gildir samkvæmt almennum skipulagsákvæðum um nýtingarflokkinn.

Tafla 2 Reitir í nýtingarflokknum *Siglingar* (SI)

Reitir	Lýsing reita og ákvæði
SI1 Patreksfjörður og Tálknafjörður	<p>Umferð einkennist af fiskiskipum og þjónustu við fiskeldi, en til Patreksfjarðar koma einnig skemmtiferðaskip. Patreksfjarðarhöfn tók á móti um 20 skemmtiferðaskipum árið 2019. Innan reitsins er mikilvægt fuglasvæði við Tálkna sem skilgreint er sem skipulagsreitur í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN3.</p> <p>Umferð um Tálknafjörð einkennist af siglingum minni fiskiskipa og þjónustu við fiskeldi. Inni á svæðinu úti fyrir Tálkna er rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Við Sveinseyri liggja fjarskiptastrengir um svæðið, en um þá eru afmarkaðir tveir skipulagsreitir fyrir nýtingarflokkinn <i>Lagnir og vegir</i>, LV2 og LV3. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjótökulögnum.</p> <ul style="list-style-type: none">- Þar sem SI1 liggur um UN3 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að takmarka rask á ró dýra, vistkerfa og menningarminja auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar.- Þar sem SI1 liggur um LV2 og LV3 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi og fjarskiptum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.

SI2
Arnarfjörður

Mikil skipaumferð er um fjörðinn enda fjölbreytt starfsemi sem þar fer fram, t.a.m. veiðar, fiskeldi, efnistaka og ferðaþjónusta. Bíldudalshöfn er skilgreind sem höfn í grunnneti samgangna. Við Bíldudalsvog liggja fjarskipta- og raforkustrengir sem þvera skipulagsreitinn. Á reitnum er leyfi til losunar efna í hafið. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjötökulögnum.

- Þar sem SI2 liggur um LV3 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi og fjarskiptum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.

SI3
Dýrafjörður

Umferð um Dýrafjörð og til hafnar við Þingeyri einkennist af fiskiskipum og þjónustu við fiskeldi. Innan svæðisins undan Skagahlíð er rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjötökulögnum.

SI4
Önundarfjörður

Umferð inn Önundarfjörð og til hafnar við Flateyri einkennist af umferð fiskiskipa. Innan svæðisins út af Valþjófsdal er rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Við Flateyri þverar fjarskiptastrengur reitinn, en um hann er skilgreindur skipulagsreitir í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir*, LV10. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjötökulögnum.

- Þar sem SI4 liggur um LV10 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi og fjarskiptum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.

SI5
Súgandafjörður

Umferð inn Súgandafjörð að höfn við Suðureyri einkennist af umferð minni fiskiskipa. Innan skipulagsreitsins út af Staðardal er rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjötökulögnum.

SI6
Ísafjarðardjúp

Mikil skipaumferð er um Ísafjarðardjúp enda fjölbreytt starfsemi sem þar fer fram, s.s. fiskveiðar, fiskeldi og ferðaþjónusta. Í Ísafjarðardjúpi eru þrjár hafnir, þ.e. Súðavíkurhöfn, Bolungarvíkurhöfn og Ísafjarðarhöfn, en tvær síðarnefndu eru hafnir í grunnneti samgangna auk þess sem Ísafjarðarhöfn er stærsta höfnin sem liggur að skipulagssvæðinu. Í Vigur er einnig lítil höfn og eru áætlunarferðir þangað yfir sumartímenn. Til Ísafjarðar kemur fjöldi skemmtiferðaskipa, þar á meðal eru stór skip sem liggja fyrir akkeri utan við höfnina. Unnið er að stækkun hafnarkants við Ísafjarðarhöfn og má búast við aukinni umferð stórra skipa sem geta lagst þar við bryggju. Í Skutulsfirði utan við Ísafjarðarhöfn hefur hafnarstjóri skilgreint akkerislægi. Til Ísafjarðarhafnar koma einnig stór og lítil fiskiskip og ferðaþjónustubátar. Umferð til Bolungarvíkurhafnar einkennist af umferð fiskiskipa. Áformuð er uppbygging laxasláturhúss í Bolungarvík og viðbúið er að umferð á reitnum aukist þegar það tekur til starfa. Umferð á Álftafirði einkennist af ferðum fiskiskipa og þjónustu við fiskeldi. Í Álftafirði er áformuð uppbygging hafnarkants við Langeyri vegna áformaðrar vinnslu á kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi. Má því búast við aukinni umferð í Álftafirði. Innan skipulagsreitsins norðan við Langeyri er leyfi til fiskeldis. Fjarskiptastrengur liggur um skipulagsreitinn við Langeyri, en um hann er skilgreindur skipulagsreitir í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir*, LV15. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjötökulögnum.

- Þar sem SI6 liggur um LV15 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum raforkuflutningi og fjarskiptum. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa sem kunna að hafa áhrif á öryggi þeirra.
-

5.3.2. Lagnir og vegir (LV)

Á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir* (LV) á skipulagsupprætti er gert ráð fyrir veitulögnum og vegum.

Ferðaþjónusta, útivist og umferð skipa geta einnig átt við á þessum svæðum að teknu tilliti til lagna og vega.

Til að tryggja öryggi og flutningsgetu raforkuflutnings- og fjarskiptakerfis og viðhald vega eru afmarkaðir reitir helgaðir lögnum og vegum þar sem starfsemi sem kann að hafa áhrif á flutningsgetu og öryggi sæstrengja er takmörkuð/bönnuð. Afmörkun svæðanna byggist á staðsetningu núverandi strengja á svæðinu ásamt vegum sem þvera firði.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi skipulagsákvæði eiga almennt við á skipulagsreitum í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir*:

- Á reitunum skal stuðla að öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum sem og öðrum flutningi eftir lögnum ásamt öryggi og viðhaldi vega sem þvera firði þar sem þeirra nýtur við.
- Innan reitanna eru siglingar heimilar, sem og ferðaþjónusta og útivist og önnur starfsemi sem hefur ekki áhrif á öryggi veitulagna.
- Á reitunum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa til efnistöku og eldis eða ræktunar nytjastofna innan marka skipulagsreita.

Skipulagsákvæði fyrir einstaka skipulagsreiti:

Í töflu 3 eru tilgreindir þeir reitir sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir* ásamt skipulagsákvæðum sem gilda sérstaklega um viðkomandi reit, þegar það á við. Sértek skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti geta falið í sér takmarkanir umfram það sem gildir samkvæmt almennum skipulagsákvæðum um nýtingarflokkinn.

Tafla 3 Reitir í nýtingarflokknum *Lagnir og vegir* (LV)

Reitir	Lýsing reita og ákvæði
LV1 Sandoddi-Þúfnaeyri	Um skipulagsreitinn liggja bæði fjarskipta- og raforkustrengir milli Sandodda og Þúfnaeyrar. <ul style="list-style-type: none">- Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun fjarðarins.

LV2 Sveinseyri	<p>Um skipulagsreitinn liggur fjarskiptastrengur frá Lambeyri að Sveinseyri. Á hluta reitsins eru leirur sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Afmarkaður skipulagsreitir fyrir <i>Siglingar</i>, SI1, þverar lagnaleiðina.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV2 liggur um SI1 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum og greiðum siglingum. - Við framkvæmdir á svæðinu skal lágmarka allt rask á leirum. - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun fjarðarins.
LV3 Hvammeyri	<p>Um skipulagsreitinn liggur fjarskiptastrengur milli Hvammeyrar og þéttbýlisins í Tálknafirði. Afmarkaður skipulagsreitir fyrir <i>Siglingar</i>, SI1, þverar lagnaleiðina.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV3 liggur um SI1 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum og greiðum siglingum.
LV4 Búðareyri	<p>Um skipulagsreitinn liggja þrjár fjarskiptastrengir milli Búðareyrar og Gileyrar. Innan reitsins er leyfi til kræklingaeldis.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun fjarðarins.
LV5 Botn Tálknafirði	<p>Um skipulagsreitinn liggur háspennuraflína.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun fjarðarins.
LV6 Bíldudalur-Tjaldanes	<p>Um skipulagsreitinn liggur raforku- og fjarskiptastrengur. Landsnet áætla að leggja nýjan raforkustreng og mun hann taka land við Hrafnseyri. Innan reitsins við Tjaldanes er leyfi til fiskeldis. Við Langanes nær leyfi til efnistöku á kalkþörungaseti inn á reitinn þar sem fyrirhugaður strengur mun liggja úti fyrir Langanesi. Afmarkaður skipulagsreitir fyrir <i>Siglingar</i>, SI2, liggur um lagnaleiðina við Bíldudal.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV6 liggur um SI2 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum og greiðum siglingum.
LV7 Haganes-Langanes-Tjaldanes	<p>Um skipulagsreitinn liggur fjarskiptastrengur. Innan reitsins við Langanes í Suðurfjörðum er leyfi til efnistöku á kalkþörungaseti. Innan reitsins við Haganes er leyfi til fiskeldis.</p>
LV8 Brekkuháls	<p>Um skipulagsreitinn liggja fjarskiptastrengir og raforkustrengur milli Brekkuháls og Höfðaodda. Á hluta reitsins er leyfi til fiskeldis.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.
LV9 Dýrafjörður-Vestfjarðavegur	<p>Um skipulagsreitinn liggur Vestfjarðavegur sem þverar Dýrafjörð. Meðfram veginum liggur raforkustrengur og háspennulína. Reiturinn er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN9.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV9 liggur um UN9 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar.
LV10 Flateyri-Hjarðardalur	<p>Um skipulagsreitinn liggur fjarskiptastrengur. Afmarkaður skipulagsreitir fyrir <i>Siglingar</i>, SI4, liggur um lagnaleiðina við Flateyri.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV10 liggur um SI4 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum og greiðum siglingum. - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.

<p>LV11 Holtstangi</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur fjarskiptastrengur. Strengurinn liggur inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN10.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV11 liggur um UN10 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar. - Á svæðinu er ekki gert ráð fyrir vegþverun.
<p>LV12 Önundarfjörður- Vestfjarðavegur</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur Vestfjarðavegur sem þverar Önundarfjörð. Meðfram veginum liggur háspennulína. Vegurinn liggur inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN10.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV12 liggur um UN10 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar.
<p>LV13 Skeiðisvað</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur háspennulína. Línan liggur inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN10.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV13 liggur um UN10 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar.
<p>LV14 Skutulsfjörður</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur fjarskiptastrengur. Strengurinn liggur inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár.</p>
<p>LV15 Langeyri</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur fjarskiptastrengur yfir Álftafjörð við Langeyri. Inn á hluta reitsins er leyfi til fiskeldis.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.
<p>LV16 Botn Álftafjarðar</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur raforkustrengur yfir Álftafjörð í botni fjarðarins.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.
<p>LV17 Hestfjörður</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur fjarskiptastrengur yfir Hestfjörð rétt innan við Hvítanes. Strengurinn er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN13.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV17 liggur um UN13 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar. - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.
<p>LV18 Hvítanes</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggja fjarskipta- og raforkustrengir yfir Skötufjörð milli Skarðseyrar og Hvítanes. Innan reitsins er leyfi til kræklingaræktar.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.
<p>LV19 Vigur-Ögurnes</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur raforkustrengur milli Vigur og Ögurness. Strengurinn liggur inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN13.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV19 liggur um UN13 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar. - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.

<p>LV20 Mjóifjörður-Djúpvegur</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur Djúpvegur sem þverar Mjóafjörð, en brú er á milli Hróteyjar og Skersins. Meðfram veginum liggja bæði fjarskipta- og raforkstrengur. Vegurinn er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN15.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV20 liggur um UN15 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar.
<p>LV21 Tagli</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggja bæði fjarskipta- og raforkustrengur yfir Mjóafjörð frá Tagli að Hörghlíð. Strengirnir liggja inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN15.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV21 liggur um UN15 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar. - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.
<p>LV22 Reykjanes</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur Djúpvegur sem þverar Reykjafjörð, en brú er yfir lítinn hluta. Meðfram veginum liggja bæði fjarskipta- og raforkustrengur. Vegurinn liggur inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN15.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV22 liggur um UN15 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar.
<p>LV23 Hundatanga-Ísafjörður</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggja fjarskipta- og raforkustrengir yfir Ísafjörð milli Hundatanga og Reykjanes. Strengirnir liggja inn á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN15.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV23 liggur um UN15 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar. - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.
<p>LV24 Kaldalón</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggur raforkustrengur. Strengurinn er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN16.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV24 liggur um UN16 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar. - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.
<p>LV25 Æðey</p>	<p>Um skipulagsreitinn liggja fjarskipta- og raforkustrengir út í Æðey. Strengirnir eru inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint er sem skipulagsreitir í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN17.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þar sem LV25 liggur um UN17 skal einnig stuðla að vernd umhverfis og náttúru. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar. - Á reitnum er ekki gert ráð fyrir vegþverun.

5.3.3. Orkuvinnsla (O)

Reitir þar sem gert er ráð fyrir orkuvinnslu og veitulögnum sem henni tengjast.

Atvinnuveiðar, umferð skipa, ferðaþjónusta og útivist og sambærileg nýting getur farið fram á svæðum sem skilgreind eru fyrir orkuvinnslu, að teknu tilliti til hagsmuna orkuvinnslu.

Ekki hefur verið mörkuð stefna um svæði til orkuvinnslu á strandsvæði Vestfjarða og því eru ekki skilgreindir reitir í nýtingarflokknum *Orkuvinnsla*.

6. Auðlindanýting

6.1. STEFNA

- Nýting auðlinda strandsvæðis Vestfjarða byggir á vistkerfisnálgun og rýri ekki vistkerfi, náttúru- og menningarminjar eða ástand sjávar.
- Stuðlað verði að fjölbreyttri nýtingu strandsvæðis Vestfjarða og sveigjanleika í auðlindanýtingu.
- Gætt verði að samræmi í stefnu um nýtingu og vernd á strandsvæði Vestfjarða og skipulagi sveitarfélaga og leitast við að draga úr árekstrum ólíkrar nýtingar og verndar.
- Nýting auðlinda á strandsvæði Vestfjarða hafi kolefnishlutleysi að leiðarljósi og lágmarki neikvæð umhverfisáhrif.

6.2. FORSENDUR OG ÁSKORANIR

Athafnarými á strandsvæðum

Rými til athafna á strandsvæðum er takmörkuð auðlind. Til þess að stuðla að fjölbreyttri nýtingu strandsvæða er mikilvægt að skilgreina í strandsvæðisskipulagi reiti fyrir mismunandi nýtingu. Þannig má tryggja ólíkri starfsemi athafnarými um leið og viðhaldið er þeim aðstæðum sem eru grundvöllur ólíkrar nýtingar, í sátt við umhverfi og náttúru. Við skilgreiningu reita til hverskonar nýtingar á strandsvæðum er einnig mikilvægt að huga að samræmi við stefnu um landnotkun á landi.

Svæði til athafna á strandsvæðum getur takmarkast bæði af náttúrufarslegum aðstæðum en einnig af annarri starfsemi. Það á til dæmis við um staðbundna nýtingu sem getur takmarkað aðgengi að veiðislóð, einnig siglingar í og úr höfn sem takmarka staðbundna nýtingu og legu sæstrengs sem útilokar veiðar með ákveðnum veiðarfærum og svo mætti áfram telja. Þá eru ótaldar takmarkanir vegna eðlisrænna eiginleika sem tiltekin nýting krefst, svo sem straumar, dýpi, hitastig og veðurfar. Ýmis starfsemi getur farið saman og á það sérstaklega við um starfsemi sem ekki er staðbundin eða háð föstum búnaði eins og atvinnuveiðar, ferðaþjónusta og útivist og hefðbundin hlunnindanýting. Nýting sem krefst staðbundins búnaðar er útilokandi fyrir flesta starfsemi þar sem honum er komið fyrir. Ýmis starfsemi getur þó farið fram innan þeirra reita sem ætlaðir eru til staðbundinnar nýtingar þegar fastur búnaður er ekki til staðar. Ólík starfsemi getur einnig notið góðs af nálægð hver við aðra. Möguleg samlegð fiskeldis við skeldýra- og þörungurækt hefur verið nefnd í því samhengi, svo dæmi sé tekið. Mikilvægt er að stuðla að sem mestri samlegð í nýtingu einstakra reita

innan skipulagssvæðisins til þess að styðja við fjölbreytta nýtingu strandsvæðis Vestfjarða.

Vaxandi fiskeldi

Mikill vöxtur í fiskeldi er ein helsta áskorunin í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Vestfirðir eru eitt af fáum svæðum við strendur Íslands sem er hentugt fyrir fiskeldi í sjókvíum og er ekki friðað fyrir eldi laxfiska í sjó samkvæmt auglýsingu um friðunarsvæði í sjó.³² Fyrir liggur samfélagssáttmáli sveitarfélaga á Vestfjörðum um fiskeldi á Vestfjörðum.³³ Tilgangur sáttmálans er að standa sameiginlega að hagsmunagæslu í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum á Vestfjörðum til að efla atvinnulíf og mannlíf með heildarhagsmuni Vestfjarða að leiðarljósi. Jafnframt er sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð höfð að leiðarljósi, sem felst í því að efla þekkingu á fiskeldi og umhverfisþáttum og vinna samkvæmt bestu stöðlum um sjálfbærni.

Um starfsemi fiskeldis gilda lög um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerðir á grundvelli þeirra. Matvælaráðherra ákveður hvaða firði eða hafsvæði skal meta til burðarþols gagnvart fiskeldi þar sem lagt er mat á hversu mikið lífrænt álag tiltekið svæði þolir. Burðarþol hefur verið metið fyrir Patreksfjörð, Tálknafjörð og Patreksfjarðarflóa, Arnarfjörð, Dýrafjörð, Önundarfjörð og Ísafjarðardjúp. Auk burðarþols takmarkast eldi einnig af áhættumati erfðablöndunar en það segir til um hversu mikið af frjóum fiski megi ala í hverjum firði. Áhugi er fyrir auknu fiskeldi á svæðinu og fyrirséð að nýting þess taki mestum breytingum í tengslum við fiskeldi á næstu árum. Áskoranir skipulagsins felast meðal annars í því að afmarka ákveðna reiti sem ætlaðir eru til staðbundinnar nýtingar eins og fiskeldis en að veita jafnframt ákveðinn sveigjanleika til breytinga og þróunar með hagsmuni annarrar starfsemi að leiðarljósi.

Hafrannsóknastofnun kynnti árið 2020 tillögu að eldissvæðum fyrir fiskeldi í Arnarfirði í samræmi við 4. gr. a í lögum um fiskeldi.

Áhrif sjókvíaeldis á siglingar

Siglingar á strandsvæðum hafa verið svo til óhindraðar frá því að Ísland byggðist. Merkingar siglinga hafa þróast út frá því að hafflöturinn sé hindrunarlaus og því hefur verið horft til þess hvar þægilegast best er að koma upp siglingamerkjum sem skilgreina öruggar siglingaleiðir. Með sjókvíaeldi kom inn ný starfsemi á firði og flóa sem þarf sitt rými á haffletinum og hefur því áhrif á hvernig siglingum er háttað. Í einhverjum tilvikum hefur ekki verið lagt fullnægjandi mat á áhrif sjókvíaeldis á siglingar og því mikilvægt að koma slíku áhrifamati í fastar skorður.

Ísland er aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO (International Maritime Organisation), sem sér um setningu alþjóðareglna á sviði siglingamála. Ísland er skuldbundið til að merkja með ákveðnum hætti öruggar siglingaleiðir og að færa þær upplýsingar inn á sjókort samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Jafnframt hefur Ísland gengist undir að taka skuli mið af alþjóðlegum tilmælum og viðmiðunarreglum þegar sett er upp leiðsögukerfi fyrir sjófarendur. Það er gert til þess að sjófarendur upplifi kerfið sem einsleitt og það virki á sama hátt á alþjóðavísu. Þannig á alltaf að vera hægt að sigla án nokkurra hindrana í hvítum ljósgeira hvar sem er í veröldinni.

³² Auglýsing um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska (fam. Salmonidea) í sjókvíum er óheimilt nr. 460/2004.

³³Vestfjarðastofa, 2021.

Mikilvægt er að í því ferli sem leiðir til útgáfu leyfa fyrir sjókvíaeldi sé ávallt unnið áhættumat siglinga en samkvæmt alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu, SOLAS samningnum, á að vinna slíkt mat þegar sett eru upp leiðarmerki fyrir siglingar. Öll starfsemi sem hefur fastan búnað á haffletinum er líkleg til að hafa einhver áhrif á merktar siglingaleiðir. Niðurstöður áhættumats þurfa að skila sér í leyfisskilmála og geta varðað endanlega staðsetningu sjókvía, fyrirkomulag festinga, merkingar sjókvía og skerminngu vinnulýsingar svo eitthvað sé nefnt. Í einhverjum tilvikum kann fyrirhuguð staðsetning sjókvía að hafa þau áhrif að breyta þurfi merkingum. Í þeim tilvikum er mikilvægt að þær breytingar fari eftir viðurkenndu alþjóðlegu ferli og að engin starfsemi sé heimiluð á þeim hluta hafflatar sem merktur er sem örugg siglingaleið fyrr en búið er að breyta þeim merkingum.

Veiðar og önnur nýting

Fiskveiðar hafa verið grundvallarnýting á strandsvæðum Vestfjarða. Mikilvægt er að taka tillit til veiðihagsmuna og að svæði sem ætluð eru til veiða auk annarra nytja, sem ekki eru takmarkandi fyrir veiðar, séu skilgreind þó að nýting og vernd fiskistofna falli ekki undir lög um skipulag haf- og strandsvæða. Upplýsingar um mikilvæg veiðisvæði innan skipulagssvæðisins liggja ekki fyrir en til grundvallar skipulagsvinnunni eru gögn Hafrannsóknastofnunar um veiðar eftir veiðarfærum á árunum 2015-2019.

Veiðar með netum, línu, krók, dragnót, rækjuvörpu og plóg eru stundaðar innan skipulagssvæðisins. Á flestum svæðum eru stundaðar veiðar með einhverjum þessara veiðarfæra. Ýmsar takmarkanir hafa verið settar við veiðar á grundvelli laga um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997, m.a. reglugerð nr. 963/2019 um veiðar með dragnót, reglugerð nr. 741/2019 um veiðar á sæbjúgum og reglugerð nr. 965/2019 um tímabundnar lokanir á veiðisvæðum á grunnslóð við Ísland. Eðli auðlindarinnar er þó þannig að hún færir til og það getur því verið erfiðleikum háð að staðsetja góða veiðislóð. Því er mikilvægt að skipulagið veiti nægjanlegt svigrúm fyrir veiðar á skipulagssvæðinu.

Kolefnishlutleysi

Flest bendir til þess að loftslagsmál verði eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnvalda og almennings á komandi áratugum. Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til þess að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi og er það gert m.a. á grundvelli Parísarsamningsins og EES-samningsins. Loftslagsmál eru eitt af helstu áherslumálum ríkisstjórnarinnar og í sáttmála hennar er mörkuð stefna um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Stjórnvöld kynntu árið 2020 aðra útgáfu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Meðal aðgerða í henni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum og höfnum, meðal annars með orkuskiptum og rafvæðingu hafna. Það er því mikilvægt að starfsemi á strandsvæðum stefni að kolefnishlutleysi.

Samspil nýtingar á landi og strandsvæðum

Nýtingu á strandsvæðum fylgir oftast nær einhver starfsemi í landi, hvort sem það eru fiskveiðar, fiskeldi, efnistaka eða ferðaþjónusta. Því er mikilvægt að samspil og samræmi sé á milli skipulagsáætlana á strandsvæðum og skipulagsáætlana á landi þar sem starfsemi á strandsvæðum getur fylgt uppbygging á landi. Þá er einnig mikilvægt að samspil sé á milli þess hvernig nýtingu eða vernd er háttáð á landi og á strandsvæðum. Sem dæmi er eftirsóknarvert að stuðla að vernd umhverfis og náttúru á strandsvæðum þar sem aðliggjandi land nýtur verndar eða er mikilvægur

áfangastaður ferðamanna þannig að land og strandsvæði myndi eina heild. Jafnframt að nýtingu auðlinda sé beint á svæði sem þegar eru nýtt og tengjast innviðum á landi.

Takmarkaðar upplýsingar

Upplýsingar um nýtingu strandsvæða liggja fyrir til dæmis í útgefnum leyfum til fiskeldis, efnistöku og varps efna í hafið. Einnig liggja fyrir upplýsingar um hvar veiðar eru stundaðar sem og um friðlýst æðarvarp. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um hvaða svæði eru hentug til fiskeldis eða greining á helstu veiðislóðum á strandsvæðum. Hugmyndir um nýja starfsemi á strandsvæðum eins og ræktun á stórþara hafa komið fram í samráði við íbúa og hagsmunaaðila við mótun strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum en greining á því hverskonar svæði henta til slíkrar ræktunar liggur ekki fyrir. Það er mikilvægt að skipulagið sé sveigjanlegt og að svigrúm sé fyrir þróun og nýsköpun við nýtingu á svæðinu.

Með vistkerfisnálgun er átt við að auðlindanýting sé byggð á vísindalegri þekkingu á viðkomandi vistkerfi, að eftirlit sé haft með ástandi þess og heildarstjórnun og samræming á athöfnum manna viðhaldi vistkerfinu ósköðduðu í samræmi við stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni.

Vistkerfisnálgun er viðtekin aðferð við stjórn nýtingar á strandsvæðum og felst í því að ákvarðanir séu byggðar á þekkingu á viðkomandi vistkerfi og að eftirlit sé haft með áhrifum nýtingar á það og að brugðist sé við breytingum. Þekking á vistkerfum strandsvæða hefur verið að byggjast upp með rannsóknum og vöktun á lífríki þeirra. Ýmsar ákvarðanir um nýtingu strandsvæða eru teknar á grundvelli rannsókna á lífríki sjávar. Má þar nefna ákvarðanir um leyfi til fiskeldis sem byggjast á burðarþolsmati viðkomandi svæðis þar sem lagt hefur verið mat á ýmsa þætti svo sem álag á lífríki botns og súrefnisstyrk. Mikilvægt er að efla áframhaldandi rannsóknir og vöktun á vistkerfum skipulagssvæðisins og nýta þær upplýsingar sem safnað er við vöktun og mælingar í tengslum við núverandi nýtingu. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um menningarminjar á hafsbotni sbr. kafla 4.2 og því mikilvægt að leitað sé umsagnar Minjastofnunar vegna framkvæmda á skipulagssvæðinu, við umhverfismat framkvæmda og áður en leyfi er veitt.

Um forsendur fyrir stefnu strandsvæðisskipulagsins um auðlindanýtingu vísast að öðru leyti til skýrslanna *Samfélag, nýting, náttúra*³⁴ og *Afrakstur samráðs*³⁵ sem teknar voru saman við mótun strandsvæðisskipulagsins.

6.3. SKIPULAGSÁKVÆÐI

Stefna strandsvæðisskipulags um *Auðlindanýtingu* sem sett er fram í kafla 6.1 að framan er útfærð staðbundið með skilgreiningu skipulagsreita í nýtingarflokkunum *Staðbundin nýting* og *Almenn nýting* sem auðkenndir eru á skipulagsuppdrætti og um gilda skipulagsákvæði sem tilgreind eru í kafla 6.3.1 og 6.3.2.

6.3.1. Staðbundin nýting (SN)

Á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Staðbundin nýting (SN)* á skipulagsuppdrætti er gert ráð fyrir staðbundinni nýtingu auðlinda, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku og ræktun og slætti sjávargróðurs.

Atvinnuveiðar, ferðaþjónusta, útivist og sambærileg nýting geta farið fram á reitum fyrir staðbundna nýtingu að teknu tilliti til hagsmuna staðbundinnar nýtingar.

Almenn skipulagsákvæði

³⁴ Skipulagsstofnun, 2021, b.

³⁵ Skipulagsstofnun, 2021, a.

Eftirfarandi skipulagsákvæði eiga almennt við á skipulagsreitum í nýtingarflokknum *Staðbundin nýting*:

- Gert er ráð fyrir uppbyggingu staðbundinnar nýtingar á reitunum og skal aðstæðum til hennar viðhaldið.
- Atvinnuveiðar, ferðaþjónusta og útivist geta farið fram innan reitanna þar sem fastur búnaður er ekki til staðar og truflun verður ekki á staðbundinni starfsemi eða slík umferð/nýting takmarkar ekki þróunarmöguleika staðbundinnar nýtingar.
- Við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í samráði við Vegagerð, Samgöngustofu, Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld.
- Óskyldir aðilar skulu hafa samráð vegna útfærslu nýtingar og staðsetningar á búnaði eða starfsemi innan sama reits.
- Ekki er gert ráð fyrir orkuvinnslu, akkerislægjum, haugsetningu eða vegum sem þvera firði á reitum sem skilgreindir eru fyrir staðbundna nýtingu þar sem slík starfsemi getur takmarkað nýtingu viðkomandi reits. Það sama á við um lagningu sæstrengja að undanskildum þeim sem tengjast viðkomandi starfsemi.

Skipulagsákvæði fyrir einstaka skipulagsreiti

Í töflu 4 eru tilgreindir þeir reitir sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Staðbundin nýting* ásamt skipulagsákvæðum sem gilda sérstaklega um viðkomandi reit, þegar það á við. Sértek skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti geta falið í sér takmarkanir umfram það sem gildir samkvæmt almennum skipulagsákvæðum um nýtingarflokkinn.

Tafla 4 Reitir í nýtingarflokknum *Staðbundin nýting* (SN)

Reitir	Lýsing reita og ákvæði
SN1 Kvígindisdalur	Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Áformað er aukið fiskeldi innan reitsins. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar krókaveiðar á svæðinu. Reiturinn er að hluta innan siglingageira Ólafsvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. <ul style="list-style-type: none">- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við þéttbýlið.- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inn á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki innan hans eða vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.
SN2 Sandoddi	Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar krókaveiðar á svæðinu. Nærri reitnum er leira sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

<p>SN3 Þúfnaeyri</p>	<p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Reiturinn er rétt utan við þéttbýlið í Patreksfirði.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við þéttbýlið.
<p>SN4 Vatneyri</p>	<p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir leyfi til fiskeldis. Reiturinn er innan mikilvægs fuglasvæðis sem tekur til fuglabjarga í Tálkna en auk þess hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að Tálkni fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á fuglalíf í Tálkna.
<p>SN5 Hvannadalur</p>	<p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar veiðar á svæðinu, aðallega króka- og dragnótaveiðar en einnig línuveiðar. Reiturinn er innan mikilvægs fuglasvæðis sem tekur til fuglabjarga í Tálkna en auk þess hefur Náttúrufræðistofnun lagt til að Tálkni fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á fuglalíf í Tálkna.
<p>SN6 Laugardalur</p>	<p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar króka- og línuveiðar á svæðinu. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME frá árunum 2017-2020 er talsverð umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins. Aðliggjandi er svæði fyrir siglingar, SI1.</p>
<p>SN7 Kirkjuból</p>	<p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar dragnóta- og krókaveiðar innan reitsins. Suðurströnd Arnarfjarðar og skaginn allur er á náttúruminjaskrá (nr. 340) vegna sérkennilegs og óvenjulegs landslags, grunnra dala milli hárra, þverhníþra hamrafjalla sem ganga fram undir sjó og fallegra skeljasandsfjara með auðugu fuglalífi. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags kom fram að suðurströnd Arnarfjarðar væri vinsæll útivistarstaður. Reiturinn er innan hvíts ljósgeira Langanesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við svæði á náttúruminjaskrá. - Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.
<p>SN8 Hringsdalur</p>	<p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Hluti leyfisins er inni á aðliggjandi skipulagsreit sem skilgreint er í nýtingarflokknum <i>Umhverfi og náttúra</i>, UN5. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar veiðar á reitnum. Suðurströnd Arnarfjarðar og skaginn allur er á náttúruminjaskrá (nr. 340) vegna sérkennilegs og óvenjulegs landslags, grunnra dala milli hárra, þverhníþra hamrafjalla sem ganga fram undir sjó og fallegra skeljasandsfjara með auðugu fuglalífi. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags kom fram að suðurströnd Arnarfjarðar væri vinsæll útivistarstaður. Reiturinn er innan hvíts ljósgeira Langanesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við svæði á náttúruminjaskrá. - Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.

<p>SN9 Hrísdalur</p>	<p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir leyfi til fiskeldis ásamt tillögu Hafrannsóknastofnunar að afmörkun eldissvæðis skv. 4. gr. a í lögum um fiskeldi. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar króka- og línuveiðar innan reitsins. Reiturinn er innan hvíts ljósgeira Langanesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.</p>
<p>SN10 Haganes og Fossfjörður</p>	<p>Á skipulagsreitnum eru leyfi til fiskeldis og efnistöku kalkþörungasetts. Einnig liggur fyrir tillaga Hafrannsóknastofnunar að afmörkun eldissvæðis innan reitsins. Nýtingaráætlun Arnarfjarðar 2012-2024 gerði ráð fyrir því að hægt væri að stunda fiskeldi, efnistöku á kalkþörungum og skeldýrarækt innan reitsins. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa litlar veiðar verið stundaðar innan reitsins. Friðlýst æðarvarp er í grennd við Litlu-Eyri, en takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.
<p>SN11 Reykjafjörður</p>	<p>Á skipulagsreitnum er leyfi til efnistöku kalkþörungasetts. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa litlar veiðar verið stundaðar innan reitsins.</p>
<p>SN12 Trostansfjörður</p>	<p>Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa litlar veiðar verið stundaðar innan reitsins.</p>
<p>SN13 Steinanes</p>	<p>Innan skipulagsreitsins er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar á hluta reitsins.</p>
<p>SN14 Langanesströnd</p>	<p>Skipulagsreiturinn er tvískiptur sitt hvorum megin við LV7. Á skipulagsreitnum er leyfi fyrir efnistöku á kalkþörungaseti. Þá liggur fyrir tillaga Hafrannsóknastofnunar að afmörkun eldissvæðis skv. 4. gr. a í lögum um fiskeldi á hluta reitsins. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar innan reitsins.</p>
<p>SN15 Hlaðsbót-Tjaldeyrarnes</p>	<p>Innan skipulagsreitsins liggur fyrir tillaga Hafrannsóknastofnunar að afmörkun eldissvæðis skv. 4. gr. a í lögum um fiskeldi. Þar er einnig í gildi leyfi til fiskeldis. Leyfið er að hluta til inni á aðliggjandi skipulagsreit sem skilgreint er í nýtingarflokknum <i>Lagnir og vegir</i>, LV6. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar veiðar innan reitsins, aðallega með krók og línu. Aðliggjandi landsvæði er á náttúruminjaskrá (311) vegna fjölbreytts landslags, gróðursælla hlíða og dala umgirtum stórskoru fjalllendi. Svæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við svæði á náttúruminjaskrá.

SN16
Skútabjörg

Innan skipulagsreitsins liggur fyrir leyfi til fiskeldis en einnig liggur fyrir tillaga Hafrannsóknastofnunar að afmörkun eldissvæðis skv. 4. gr. a í lögum um fiskeldi. Reiturinn er innan marka mikilvægs fuglasvæðis (Skeggi) þar sem fyll er í meirihluta en hann telst til tegunda í hættu samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar. Aðliggjandi landsvæði er á náttúruminjaskrá (311) vegna fjölbreytts landslags, gróðursælla hlíða og dala umgirtum stórskoru fjallendi. Svæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.
- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við svæði á náttúruminjaskrá.

SN17
Eyrarhlíð

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar veiðar innan reitsins með dragnót og krók. Aðliggjandi er land á náttúruminjaskrá (311) vegna fjölbreytts landslags, gróðursælla hlíða og dala umgirtum stórskoru fjallendi. Svæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME frá árunum 2017-2020 er talsverð umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins þegar starfsemi hefst á svæðinu. Aðliggjandi er skipulagsreitir fyrir *Siglingar*, SI3.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.

SN18
Haukadalsbót

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar krókaveiðar innan reitsins. Aðliggjandi landsvæði er á náttúruminjaskrá (311) vegna fjölbreytts landslags, gróðursælla hlíða og dala umgirtum stórskoru fjallendi. Svæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að nokkuð væri um útsýnisstaði og gönguleiðir í og við Þingeyri. Þar kom einnig fram að æðardúnstekja sé stunduð við Hóla í Naustavík.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við svæði á náttúruminjaskrá.

SN19
Gemlufall

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Friðlýst æðarvarp er í grennd við Höfðaodda, en takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996. Reiturinn er við þéttbýlið á Þingeyri. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að nokkuð væri um útsýnisstaði og gönguleiðir við Þingeyri.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.
- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.

SN20
Skagahlíð

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar neta- og krókaveiðar innan reitsins. Aðliggjandi landsvæði nýtur hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna lítt snortinna landslagsheilda frá fjöru að fjallstoppum. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME frá árunum 2017-2020 er talsverð umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins þegar starfsemi hefst innan reitsins. Aðliggjandi er skipulagsreitir fyrir *Siglingar*, SI3.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.
-

SN21
Ingjaldssandur
og Valþjófsdalur

Á skipulagsreitnum er eitt leyfi til fiskeldis á tveimur stöðum. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar dragnóta-, neta-, línu- og krókaveiðar innan reitsins. Reiturinn er innan marka mikilvægra fuglasvæða (Barði og Hrafnaskálarnúpur) þar sem fyll er í meirihluta en hann telst til tegunda í hættu samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er talsverð umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir *Siglingar*, SI4.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á fugla.

SN22
Önundarfjörður

Innan skipulagsreitsins eru áform um að sækja um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar dragnóta-, neta-, línu- og krókaveiðar innan reitsins. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er umferð skipa um reitinn og mun hún því færast nær miðju fjarðarins. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir *Siglingar*, SI4.

SN23
Óshlíð

Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Líklegt er að umferð verði mikil nærri eldissvæði. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar dragnóta-, neta-, línu- og krókaveiðar á reitnum. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 fer töluverð umferð skipa um reitinn, jafnt minni sem stærri skipa á bilinu 50.000 til 99.999 tonn. Siglingaleið mun því færast nær miðju Ísafjarðardjúps. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir *Siglingar*, SI6. Reiturinn er að hluta innan siglingageira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inn á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar

SN24
Skutulsfjörður

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er mikil umferð skipa meðfram reitnum sem er nærri þéttbýlinu á Ísafirði. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir *Siglingar*, SI6.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi vegna nálægðar við þéttbýlið.

SN25
Arnarnes

Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er töluverð umferð skipa um reitinn. Siglingar munu því færast nær miðju Ísafjarðardjúps. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir *Siglingar*, SI6. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að skemmtisiglingar, þ.m.t. skútu- og kajaksiglingar, væru stundaðar innan reitsins.

SN26
Kofradýpi

Innan skipulagsreitsins er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er töluverð umferð skipa um reitinn. Siglingar munu því færast nær miðju Ísafjarðardjúps. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir Siglingar, SI6. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að skemmtisiglingar, þ.m.t. skútu- og kajaksiglingar, væru stundaðar innan reitsins.

SN27
Langeyri

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Aðliggjandi er skipulagsreitur fyrir *Siglingar*, SI6.

- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur að SI6 skal sjókvíaeldisstöð ekki vera nær mörkum siglingaleiðar en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem siglingaleið afmarkar.

SN28
Kambanes

Innan skipulagsreitsins liggur fyrir leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar innan reitsins.

SN29
Kirkjusund

Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar veiðar með rækjuvörpu, krók og línu innan reitsins. Reiturinn er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Nærri er eyjan Vigur sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að nágrenni eyjunnar verði á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs en eyjan og nágrenni hennar er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og þar er friðlýst æðarvarp. Takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996. Takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996. Reiturinn er að hluta innan hvíta ljósgeira Arnarnesvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókvíaeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.
- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inni á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.
- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.

SN30
Skarðshlíð

Innan skipulagsreitsins liggur fyrir leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar innan reitsins. Reiturinn er inni á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Nærri er eyjan Vigur sem er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að nágrenni eyjunnar verði á B-hluta náttúruminjaskrár, auk þess sem hún er mikilvægt fuglasvæði og þar er friðlýst æðarvarp.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fugla og sela þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á dýrategundirnar.
 - Þjónusta við staðbundna nýtingu og búnaður tengdur henni skal vera þannig að truflun sela sé takmörkuð.
 - Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.
-

SN31
Vatnsfjarðarnes

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Reiturinn er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna sela. Reiturinn liggur að friðlýstu æðarvarpi auk þess sem Vatnsfjarðarnesið er á náttúruminjaskrá vegna fagurs og fjölbreytts lands og sérstæðra sjávarrofsmyndana. Takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar innan reitsins.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til samráðs við útgerðir rækjuveiðiskipa um staðsetningu á eldiskvíum innan eldissvæða.
- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.
- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.
- Þjónusta við staðbundna nýtingu og búnaður tengdur henni skal vera þannig að truflun sela og fugla sé takmörkuð.

SN32
Biskupsvík

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar innan reitsins og virðist svæðið vera eitt af helstu veiðisvæðum rækju í Djúpinu. Reiturinn er að hluta til innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna sela. Reiturinn er umkringdur svæðum sem njóta verndar eða svæðum sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að njóti verndar. Þar má nefna Vatnsfjarðarnes, sem er á náttúruminjaskrá vegna fagurs og fjölbreytts lands og sérstæðra sjávarrofsmyndana, og Borgarey sem er á náttúruminjaskrá vegna fuglalífs en Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að eyjan fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Friðlýst æðarvarp er í Borgarey og á Vatnsfjarðarnesi en takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996.

- Þjónusta við staðbundna nýtingu og búnaður tengdur henni skal vera þannig að truflun sela og fugla sé takmörkuð.
- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.

SN33
Hamar

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar rækjuveiðar innan reitsins. Allt í kringum reitinn eru svæði sem njóta verndar eða svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að njóti verndar. Þar má nefna Vatnsfjarðarnes, sem er á náttúruminjaskrá vegna fagurs og fjölbreytts lands og sérstæðra sjávarrofsmyndana, og Borgarey sem er á náttúruminjaskrá vegna fuglalífs en Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að eyjan fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Friðlýst æðarvarp er í Borgarey og á Vatnsfjarðarnesi en takmarkanir eru á notkun skotvopna og lagningu neta í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi skv. reglugerð nr. 252/1996.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.
-

SN34
Kaldalón

Á skipulagsreitnum eru leyfi til fiskeldis og efnistöku kalkþörungasetts. Innan reitsins er rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar plóg- og línuveiðar á litlum hluta reitsins ásamt rækjuveiðum. Í samráði um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á svæðinu væru rækjumið. Aðliggjandi land á Snæfjallaströnd, sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna jarðminja, er einnig á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum auk fjölskrúðugs gróðurs og dýralífs. Reiturinn liggur við Æðey sem Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að kajaksiglingar væru stundaðar innan reitsins og í nágrenni hans og að Kaldalón væri mikilvægt fyrir sérstöðu svæðisins. Þá er Snæfjallaströndin og Drangajökulssvæðið allt vinsælt göngusvæði. Reiturinn er að hluta til innan siglingageira Æðeyjarvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókváeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.
- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það.
- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inn á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókváeldisstöð ekki vera innan hans eða vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

SN35
Eyjahlíð

Innan skipulagsreitsins liggur fyrir umsókn um leyfi til fiskeldis. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa verið stundaðar plóg- og línuveiðar innan reitsins. Í samráði um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á svæðinu væru rækjumið. Reiturinn liggur nærri Æðey sem Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs. Aðliggjandi land á Snæfjallaströnd, sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár, er á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags. Þá er Snæfjallaströndin og Drangajökulssvæðið allt vinsælt göngusvæði. Reiturinn er innan hvíts siglingageira Æðeyjarvita sem hefur áhrif á fyrirkomulag búnaðar innan reitsins þar sem ekki má sigla nær jaðri sjókváeldisstöðva en 50 metra samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi.
- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á fugla.
- Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inn á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókváeldisstöð ekki innan hans eða vera nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

SN36
Snæfjallaströnd

Á skipulagsreitnum er leyfi til fiskeldis. Einnig liggur fyrir umsókn um frekara eldi innan reitsins. Aðliggjandi land á Snæfjallaströnd, sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár, er á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum auk fjölskrúðugs gróðurs og dýralífs. Innan reitsins eru stundaðar veiðar, aðallega línuveiðar en einnig króka- og netaveiðar. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á svæðinu væru rækjumið.

- Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi á ásynð svæðis.

6.3.2. Almenn nýting (A)

Á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Almenn nýting (A)* er gert ráð fyrir ferðaþjónustu og útivist, svo sem skipulögðum ferðum og ferðum á eigin vegum á vélknúnum bátum, seglbátum og kajökum, auk köfunar, brimbrettaiðkunar og nytja til einkanota.

Akkerislægi geta verið á svæðum fyrir almenna nýtingu. Hið sama gildir um atvinnuveiðar. Staðbundin auðlindanýting, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistaka og ræktun, sláttur sjávargróðurs og sambærileg nýting, getur farið fram á svæðum fyrir almenna nýtingu að teknu tilliti til hagsmuna almennrar nýtingar. Hið sama á við um veitulagnir, varp efna í hafið og umferð skipa til og frá höfn.

Almenn skipulagsákvæði

Eftirfarandi skipulagsákvæði eiga almennt við á skipulagsreitum í nýtingarflokknum *Almenn nýting*:

- Á reitunum er gert ráð fyrir almennri nýtingu strandsvæða, svo sem til atvinnuveiða, ferðaþjónustu og útivistar ásamt hefðbundnum nytjum til einkanota, og skal aðstæðum til almennrar nýtingar viðhaldið.
- Ekki er gert ráð fyrir orkuframleiðslu sem hefur áhrif á aðstæður til veiða, ferðaþjónustu eða útivistar. Það sama á við um lagningu vega yfir firði.

Skipulagsákvæði fyrir einstaka skipulagsreiti

Í töflu 5 eru tilgreindir þeir reitir sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Almenn nýting* ásamt skipulagsákvæðum sem gilda sérstaklega um viðkomandi reit, þegar það á við. Sértek skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti geta falið í sér takmarkanir umfram það sem gildir samkvæmt almennum skipulagsákvæðum um nýtingarflokkinn.

Í 7. kafla, *Framfylgd skipulagsins og leyfismál* eru settar fram leiðbeiningar um staðbundna nýtingu á svæðum sem skilgreind eru í nýtingarflokknum *Almenn nýting*.

Tafla 5 Reitir í nýtingarflokknum *Almenn nýting (AN)* – lýsing reita og sértek skipulagsákvæði þegar það á við.

Reitir	Lýsing reita og skipulagsákvæði
A1 Bjargtanga að Blakknesboða	Á skipulagsreitnum eru aðallega stundaðar krókaveiðar. Lítil umferð skipa er innan reitsins.
A2 Patreksfjörður	Við Patreksfjarðarhöfn er akkerisstaður. Á mestöllum skipulagsreitnum eru stundaðar veiðar, aðallega krókaveiðar en einnig dragnótaveiðar og línu- og netaveiðar. Umferð skipa er um mestallan fjörðinn. Örlygshöfn er hluti af hafnar svæði Vesturbyggðar samkvæmt hafnarreglugerð. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að kajaksiglingar væru stundaðar innan reitsins. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjótökulögnum. Á reitnum er leyfi til losunar efna í hafið vegna dýpkunarframkvæmda.

A3
Tálknafjörður

Veiðar eru stundaðar á mestöllum skipulagsreitnum utan við Sveinseyri. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 er aðallega um að ræða krókaveiðar en einnig línu-, neta- og dragnótaveiðar. Innan reitsins eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019. Þá eru takmarkanir á veiðum á sæbjúgum á hluta svæðisins samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Úti fyrir Tálkna eru þrjú rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er umferð skipa um mestallan reitinn. Í botni Tálknafjarðar eru seiðaeldisstöðvar og er umferð skipa í tengslum við hana. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að sjóstangveiði væri stunduð í firðinum ásamt kajaksiglingum. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjótökulögnum. Innarlega í Tálknafirði er leyfi til kræklingaeldis.

A4
Arnarfjörður

Við Bíldudalshöfn er akkerisstaður. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á öllum skipulagsreitnum, aðallega króka- og dragnótaveiðar en einnig neta- og línuveiðar. Innan reitsins eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og hluti reitsins er lokaður fyrir veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Á reitnum eru þrjú rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er umferð skipa um mestallan reitinn. Í norðanverðum firðinum er aðliggjandi svæði á náttúruminjaskrá (nr. 311), skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, vegna fjölbreytts landslags og gróðursældar. Landsvæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur. Við Skeggja er mikilvægt fuglasvæði vegna fýla. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að skemmtisiglingar væru stundaðar innan reitsins ásamt öðrum nytjum, s.s. þang- og þaratekja. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjótökulögnum.

A5
Suðurfirðir Arnarfjarðar

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á hluta skipulagsreitsins. Aðallega eru það rækjuveiðar við Langanes og inni í Geirþjófsfirði, en einnig hefur verið veitt með línu úti fyrir Bíldudal. Takmarkanir eru á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og er reiturinn lokaður fyrir veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019.

A6
Borgarfjörður

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á meirihluta skipulagsreitsins, aðallega rækjuveiðar en einnig línuveiðar. Innan reitsins eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og bann við veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er umferð skipa innan reitsins aðallega tengd ferðum inn í Dynjandisvog. Í norðanverðum firðinum er aðliggjandi svæði á náttúruminjaskrá (nr. 311), skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, vegna fjölbreytts landslags og gróðursældar. Landsvæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur. Aðliggjandi land í Borgarfirði er á náttúruminjaskrá vegna landslags, jökulminja, plöntusteingervinga og gróðursældar. Í botni Borgarfjarðar er selalátur, aðliggjandi reitnum eru einnig leirur sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Við Mjólka er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.

A7
Dýrafjörður

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á öllum skipulagsreitnum utan við Höfðaodda. Aðallega hefur verið veitt með krók og dragnót en einnig á línu, í net og með plóg. Á reitnum eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og hluti reitsins er lokaður fyrir veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Í sunnanverðum firðinum er aðliggjandi svæði á náttúruminjaskrá (nr. 311), skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, vegna fjölbreytts landslags og gróðursældar. Landsvæðið er vinsælt göngusvæði og þar er m.a. hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur. Við Gemlufall er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjótökulögnum.

A8
Önundarfjörður

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á nær öllum skipulagsreitnum utan við Hjarðardal. Aðallega er veitt með dragnót og línu en einnig hafa verið stundaðar neta- og krókaveiðar. Á reitnum eru takmarkanir á veiðum með dragnót samkvæmt reglugerð nr. 963/2019 og hluti reitsins er lokaður fyrir veiðum á sæbjúgum samkvæmt reglugerð nr. 741/2019. Í sunnanverðum firðinum eru tvö mikilvæg fuglasvæði, Barði og Hrafnskálarnúpur. Þessi svæði eru mikilvægar fýlabyggðir. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að innan reitsins væri stunduð ýmis afþreying, s.s. kajaksiglingar, brimbrettaiðkun og sjósund, en einnig nýttjar eins og æðardúnstekja og þang- og þaratekja. Innan reitsins er eitt leyfi til fiskeldis (200 tonn) á tveimur stöðum austan við Flateyri og úti fyrir Hjarðardal. Við Holt er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjótökulögnum.

A9
Súgandafjörður

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru stundaðar veiðar á nær öllum skipulagsreitnum utan við Suðureyri. Aðallega eru stundaðar króka, línu- og netaveiðar en einnig er veitt með dragnót og plóg. Í botni fjarðarins eru leirur og sjávarfitjar sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjótökulögnum.

A10
Úti fyrir Keflavík
og Skálavík

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á skipulagsreitnum, aðallega króka- og netaveiðar en einnig línuveiðar og veiðar með dragnót og plóg. Umferð skipa innan reitsins er mikil.

A11
Skutulsfjörður

Við Ísafjarðarhöfn er akkerisstaður. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru veiðar stundaðar á skipulagsreitnum, aðallega krókaveiðar en einnig línu- og netaveiðar við utanverðan fjörðinn. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að stundaðar væru kajaksiglingar og sjósund í Skutulsfirði. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er mikil umferð skipa innan reitsins við utanverðan fjörðinn. Við Arnarnes í austanverðum firðinum er svæði á náttúruminjaskrá vegna sérkennilegrar klettastrandar, lífauðugra fjara og mikils fuglalífs, en auk þess nýtur það hverfisverndar í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Aðliggjandi og inn á hluta skipulagsreitsins er svæði á náttúruminjaskrá vegna víðáttumikilla, lífauðugra leira og mikils fuglalífs. Sama svæði nýtur einnig hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Leirurnar njóta einnig verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Þéttbýlið á Ísafirði liggur að skipulagsreitnum. Siglingaklúbburinn Sæfari hefur aðstöðu við Neðstakaupstað og. í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að innan reitsins væri stunduð ýmis afþreying, s.s. kajaksiglingar, brimbrettaiðkun og sjósund. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjótökulögnum.

A12
Álftafjörður

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru litlar veiðar stundaðar á skipulagsreitnum. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að utan við Langeyri væru veiðisvæði hörpudisks. Áformuð er uppbygging nýs hafnarkants við Langeyri vegna vinnslu á kalkpörungaseti úr Ísafjarðardjúpi. Líklegt er að siglingar innan reitsins muni aukast í kjölfarið. Á reitnum eru leyfi til fiskeldis sem eru til endurskoðunar vegna tilfærslu. Leyfi er til efnistöku á mól og sandi utan við Hattareyri. Í botni fjarðarins eru leirur sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Að reitnum, við Dvergastein í vestanverðum firðinum, liggur landsvæði sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi Súðavíkurrepps 2018-2030 vegna fornleifa. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að innan reitsins væri stunduð köfun. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjótökulögnum.

A13
Seyðisfjörður

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa nær eingöngu verið stundaðar rækjuveiðar á skipulagsreitnum. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að innan reitsins væru rækjumíð. Á reitnum eru leyfi til fiskeldis sem eru til endurskoðunar vegna tilfærslu. Samkvæmt siglingagögnum frá PAME fyrir árin 2017-2020 er lítil umferð innan reitsins. Að reitnum, við Fofafót í austanverðum firðinum, liggur landsvæði sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi Súðavíkurrepps 2018-2030 vegna fornleifa en þar var fjölmenn byggð í kringum 1910. Aðliggjandi, í botni fjarðarins, er landsvæði á náttúruminjaskrá vegna stórbrotins lands, jökulhvilfta og árgljúfra. Þar er fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að Seyðisfjörður væri nýttur til köfunar og kajaksiglinga auk þess sem reiturinn er talinn mikilvægur fyrir sérstöðu strandsvæðis Vestfjarða. Þá kom einnig fram að áhugi væri á því að nýta grunnsævi til þararæktar, skelræktar eða fiskeldis. Við Tjaldatanga er lendingarstaður.

- Ekki er gert ráð fyrir frekari nýtingu sem krefst staðbundins búnaðar sem takmarkar frekara aðgengi að veiðislóð.

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 hafa veiðar verið stundaðar á mestöllum skipulagsreitnum, aðallega rækjuveiðar við minni Ísafjarðar og Mjóafjarðar innan við Kaldalón en einnig línu- og krókaveiðar á Æðeyjarsundi. Veiðar með dragnót eru óheimilar á reitnum að undanskildum litlum hluta við minni Ísafjarðar þar sem þær eru takmarkaðar samkvæmt reglugerð nr. 963/2019. Á Æðeyjarsundi er rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar. Umferð um innanvert Ísafjarðardjúp einkennist af skipum sem eru undir 1000 tonnum en einstaka skemmtiferðaskip hefur lagt leið sína inn að Borgarey. Umferð skipa takmarkast af grynningum og skerjum en staðbundin nýting með föstum búnaði takmarkar enn frekar siglingar um svæðið. Aðliggjandi, við minni Mjóafjarðar, er svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að færa á B-hluta náttúruminjaskrár vegna selalátra. Í Æðey og á Bæjum er ferjubryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð.

- Ekki er gert ráð fyrir frekari nýtingu sem krefst staðbundins búnaðar sem takmarkar aðgengi að veiðislóð eða aðstæður til siglinga.
- Raska skal ró dýra sem minnst á svæði sem tilnefnt er á B-hluta náttúruminjaskrár vegna sela við minni Mjóafjarðar.

Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar um veiðar á árunum 2015-2019 eru stundaðar veiðar á öllum skipulagsreitnum. Stundaðar eru króka-, línu-, dragnóta- og netaveiðar auk veiða með rækjuvörpu. Á reitnum eru sex rannsóknarsvæði Hafrannsóknastofnunar, úti fyrir Vigur, Arnarnesi, Bolungarvík, og við Grænuhlíð.

Utan við Bolungarvík er leyfi til losunar efnis í hafið. Mikil umferð stærri og minni skipa er um utanvert Ísafjarðardjúp á leið til hafnar í Bolungarvík og á Ísafirði en skipaumferð minnkar eftir því sem innar dregur. Aðliggjandi landsvæði á Snæfjallaströnd er á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum auk fjölskrúðugs gróðurs og dýralífs. Aðliggjandi landsvæði nýtur einnig hverfisverndar í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og hefur Náttúrufræðistofnun tilnefnt svæðið á B-hluta náttúruminjaskrár, m.a. vegna landmótunar. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að reiturinn væri nýttur til skemmtisiglinga, þ.m.t. á seglbátum og kajökum, auk þess sem að reitnum liggja vinsæl svæði til göngu og annarrar útivistar á landi. Þá er reiturinn nýttur á ýmsa vegu, s.s. til sjóstangveiði og þara- og þangtekju, samkvæmt samráði við gerð strandsvæðisskipulags. Við Hnífsdal er bryggja sem er hluti af starfssvæði hafna Ísafjarðarbæjar samkvæmt hafnarreglugerð. Innan reitsins, nærri þéttbýli, má gera ráð fyrir útrásum vegna fráveitu sveitarfélaga eða sjótökulögnum.

7. Framfylgd skipulagsins

Stefna um nýtingu og vernd á skipulagssvæðinu er sett fram í strandsvæðisskipulaginu, sbr. stefnu og skipulagsákvæði í köflum 2-6 hér að framan og skipulagsuppdrátt. Öll leyfi til framkvæmda og starfsemi á svæðinu skulu vera í samræmi við strandsvæðisskipulagið. Jafnframt skal starfsemi sem ekki er háð staðbundnum leyfum taka mið af stefnu og ákvæðum strandsvæðisskipulagsins. Ef vafi leikur á, leiðbeinir Skipulagsstofnun um samræmi framkvæmda og starfsemi við strandsvæðisskipulagið. Í þeim tilvikum er mikilvægt að leyfisveitendur leiti umsagnar Skipulagsstofnunar um samræmi við strandsvæðisskipulag snemma í leyfisveitingarferlinu og umhverfismatsferli þar sem það á við. Skipulagsstofnun leggur þá mat á hvort leggja þurfi viðkomandi erindi undir svæðisráð.

7.1. STARFSEMI Á VIÐKVÆMUM SVÆÐUM

Gert er ráð fyrir að ferðaþjónusta og útivist geti almennt farið fram á reitum sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Umhverfi og náttúra*. Mikil og hávaðasöm umferð manna getur þó valdið truflun á dýralífi og raski á viðkvæmum svæðum. Því er mikilvægt að aðilar sem stunda starfsemi nærri villtu dýralífi og viðkvæmum vistkerfum sýni sérstaka aðgát, valdi ekki óþarfa truflun eða ágangi og beini eftir atvikum vélknúinni umferð á önnur svæði.

7.2. VISTKERFISNÁLGUN, UMHVERFISVÖKTUN

Eins og fram kemur í 2. kafla er sjálfbær nýting og vistkerfisnálgun meðal leiðarljósa Strandsvæðisskipulags Vestfjarða.

Vistkerfisnálgun felur í sér að ákvarðanir um nýtingu séu byggðar á þekkingu á viðkomandi vistkerfi á hverjum tíma og varðaðri áætlun um nýtingu, vöktun og vernd umhverfis og náttúru. Mikilvægt er að styrkja þekkingargrunninn til að undirbyggja framfylgd skipulagsins sem og breytingar á því í framtíðinni. Að mati svæðisráðs er nauðsynlegt að efla umhverfisvöktun, rannsóknir og vöktun á umhverfi og lífríki á skipulagssvæðinu til að einstakar leyfisveitingar um nýtingu geti ávallt byggt á réttum upplýsingum og að Athafnir manna séu á þann hátt að ekki hljóttist skaði af fyrir vistkerfi sjávar. Regluleg vöktun er jafnframt forsenda þess að bregðast megi við tímanlega ef mál þróast á verri veg, ef hnignun verður í vistkerfum sjávar. Í þessu samhengi þarf að horfa til ástandsflökkunar strandsjávar á Íslandi eins og kveðið er á um í lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Ákvarðanir um breytingar á strandsvæðisskipulaginu eða endurskoðun þarf að byggja á sem bestri þekkingu. Áhrif á umhverfi af völdum loftslagsbreytinga knýja enn frekar á um virka umhverfisvöktun. Þrjár stofnanir fara með hlutverk í vöktun og rannsóknum í þessu sambandi. Það eru Hafrannsóknarstofnun, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands samkvæmt lögum.

Hafrannsóknarstofnun skal skv. lögum nr. 112/2015 rannsaka lífsskilyrði og lífnaðarhætti gróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna í sjó og í ferskvatni og rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna. Umhverfisstofnun skal skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 15/2011 samræma vinnu við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar, vinna tillögur um vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög að höfðu samráði við vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir og hafa umsjón með framkvæmd aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar. Náttúrufræðistofnun

Íslands skal skv. lögum nr. 60/1992 bera ábyrgð á vöktun lykilkáttá íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum með lögum eða reglum settum á grundvelli þeirra.

Svæðisráð leggur áherslu á að komið verði á fót heildstæðri umhverfisvöktun lykilkbreyta á skipulagssvæðinu og að niðurstöður þeirrar vöktunar verði gerðar aðgengilegar svo þær nýtist við frekari skipulagsgerð og leyfisveitingar á svæðinu. Þetta getur til dæmis varðað sjávarstöðubreytingar, breytingar á hitastigi og sýrustigi sjávar og breytingar á lífríki. Miðað verði að við að ítarleg samantekt á ástandi sjávar og vistkerfa á skipulagssvæðinu liggi fyrir þegar unnið verður að landsskipulagsstefnu og taka skal afstöðu til þess hvort endurskoða skuli strandsvæðisskipulagið.

Með vísun til ofanritaðs vill svæðisráð beina því til matvælaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að ráðuneytin feli viðkomandi stofnunum, þ.e. Hafrannsóknarstofnun, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, að undirbúa samræmda áætlun um rannsóknir og reglulega vöktun lykilkbreyta til að treysta í framkvæmd vistkerfisnálgun á skipulagssvæðinu og tryggja jafnframt framkvæmd áætlunarinnar eftir atvikum í samvinnu við sveitarfélög á svæðinu.

7.3. STAÐBUNDIN NÝTING Á SVÆÐUM FYRIR ALMENNA NÝTINGU

Samkvæmt skilgreiningu á nýtingarflokknum *Almenn nýting* getur átt við að heimila staðbundna nýtingu, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku og ræktun og slátt sjávargróðurs, á svæðum sem skilgreind eru í nýtingarflokknum *Almenn nýting*. Auk leiðarljósa, stefnu og skipulagsákvæða strandsvæðisskipulagsins skal við ákvörðun um leyfisveitingar til staðbundinnar nýtingar, innan reita sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Almenn nýting*, taka mið af eftirfarandi:

- Að staðbundin nýting takmarki ekki aðgengi að þekktum/mikilvægum veiðislóðum.
- Að staðbundin nýting hindri ekki siglingar um skipulagssvæðið. Taka skal mið af núverandi umferð og viðmiðum um afmörkun svæða til siglinga.
- Að staðbundin nýting rýri ekki möguleika til útivistar og ferðaþjónustu á svæðum sem þekkt eru fyrir útivist, á þekktum viðkomustöðum ferðamanna eða þar sem áformuð er uppbygging til útivistar og ferðaþjónustu.

Staðbundin nýting innan reita sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Almenn nýting* getur falið í sér nýja nýtingu eða útvíkkun á nýtingu sem þegar hefur fengið leyfi innan reita sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *Staðbundin nýting*.

7.4. SAMSPIL NÝTINGAR Á STRANDSVÆÐUM OG Á LANDI

Við ákvarðanir um nýtingu og vernd strandsvæða er mikilvægt að huga að samspili við aðliggjandi land, þ.e. hvernig nýtingu er háttáð á landi. Sem dæmi er eftirsóknarvert að nýting strandsvæðis sem liggur að landi þar sem stunduð er ferðaþjónusta og útivist og nýtur mögulega verndar taki mið af þeirri nýtingu. Jafnframt að nýtingu auðlinda sé beint á svæði sem þegar eru nýtt og tengjast innviðum og starfsemi á landi.

7.5. LEYFISVEITENDUR

Tiltekin starfsemi sem fer fram á strandsvæðum er háð leyfi og er leyfisveiting í höndum ýmissa stofnana. Leyfin geta verið bundin ákveðnum stað, eins og til dæmis á við um leyfi til fiskeldis og efnistöku, en önnur leyfi eru ekki háð tiltekinni staðsetningu. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir helstu leyfisveitendur og leyfi sem starfsemi á strandsvæðum kann að vera háð. Einnig er í yfirlitinu að neðan getið um afgreiðslu

tiltekinna áætlana um staðbundna nýtingu sem þurfa jafnframt að taka mið af strandsvæðisskipulagi.

Áætlanir

Hafrannsóknastofnun:

- Burðarþolsmat fjarða eða hafsvæða samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008.
- Áhættumat erfðablöndunar samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008.
- Ákvörðun um eldissvæði samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Staðbundin leyfi

Hafnarstjórnir:

- Öll mannvirkjagerð innan hafnarvæðis eins og það er afmarkað í reglugerð um viðkomandi höfn, er háð samþykki hafnarstjórnar samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun:

- Byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010.

Matvælastofnun:

- Rekstrarleyfi til sjókvíaeldis samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008.
- Ræktunar- og tilraunaleyfi til skeldýraræktar samkvæmt lögum um skeldýrarækt nr. 90/2011.

Minjastofnun Íslands:

- Leita þarf leyfis Minjastofnunar ef hætta er á að fornleifum verði raskað með framkvæmdum á skipulagssvæðinu, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar.

Orkustofnun:

- Leyfi til efnistöku á hafsbotni samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins nr. 73/1990.
- Virkjunarleyfi til raforkuframleiðslu samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003.
- Leyfi fyrir framkvæmdum sem eru hluti flutningskerfis raforku samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003.
- Leyfi til að reisa og reka dreifikerfi samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003.
- Auk þess samþykkir Orkustofnun kerfisáætlun samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003.

Umhverfisstofnun:

- Leyfi fyrir varpi efna í sjó samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.
- Starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Leyfi til lagningar sæstrengja og neðansjávarleiðslna samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 600/2018.

Óstaðbundin leyfi

Fiskistofa:

- Leyfi til öflunar sjávargróðurs samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Samgöngustofa:

- Leyfi fyrir farþegaflutninga skipa í atvinnuskyni. Undir það falla skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna samkvæmt skipalögum nr. 66/2021.

Athuga skal að ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem eru leyfisskyldar samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsts svæði skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis og leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt.

7.6. Breytingar á strandsvæðisskipulagi

Svæðisráð starfar áfram eftir að strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi. Telji Skipulagsstofnun eða aðliggjandi sveitarfélög þörf á breytingum á strandsvæðisskipulaginu er það tilkynnt til ráðherra. Ráðherra óskar í kjölfarið eftir því við svæðisráð að endurskoða skipulagið og að það geri tillögu um breytingu ef þörf er á. Ráðherra getur auk þess óskað eftir því að eigin frumkvæði að svæðisráð vinni tillögu að breytingu á strandsvæðisskipulagi.

Ef talin er þörf á að gera breytingar á gildandi strandsvæðisskipulagi fer það eftir umfangi og eðli breytingarinnar hver málsmeðferð hennar er. Ef um óverulega breytingu er að ræða gerir svæðisráð tillögu um breytinguna til ráðherra, sem staðfestir breytinguna og birtir til gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda, fallist hann á að um óverulega breytingu sé að ræða. Að öðrum kosti fer um breytingar á strandsvæðisskipulagi eins og um nýtt strandsvæðisskipulag sé að ræða.

Heimildaskrá

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2015). *Greinargerð starfshóps til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/150512-Sjavarorka-lokaskjal.pdf>.

Auglýsing um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidea) í sjókvíum er óheimilt nr. 460/2004.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir (2020). *Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Ferðamálastofa. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/vestfirdirpdf>.

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra (2018). *Skýrsla ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um nýjar aðferðir við orkufölnun*. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/O353.pdf>.

Hagstofa Íslands (e.d.). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2022* [tafla]. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/yfirlit/>.

Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson og Trausti Jónsson (2018). *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018*. Veðurstofa Íslands. Sótt af <https://www.vedur.is/media/loftslag/Skyrsla-loftslagsbreytingar-2018-Vefur.pdf>.

Jóhanna Björk Weissappel (ritstj.)(2013). *Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands*. Umhverfisstofnun. Sótt af <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Vatnatilskipun/St%C3%B6%C3%Bousk%C3%BDrsla%20ofyrir%20vatnasv%C3%A6%C3%Boi%20%C3%8Dslands%202013.pdf>.

Kystverket (2019). *Farledsnormalen: Instruks for Kystverkets planlegging, prosjektering og vurdering af arealbehov for farleder*.

Laufey Kristín Skúladóttir (ritstj.)(2019). *Vestfirðir – Stöðugreining 2019*. Bygðastofnun. Sótt af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stgr19_20/vestfirdir-stodugreining-2019-2020-loka.pdf.

Mælaborð ferðaþjónustunnar (e.d.). *Tilgangur ferða og dreifing ferðamanna*. Sótt af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/tilgangur-og-dreifing>.

Náttúrufræðistofnun Íslands (e.d.). *Náttúruuminjaskrá*. Sótt af <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>.

Protection of the Arctic Marine Environment (e.d.). ASTD (Arctic Ship Traffic Data) [gögn].

Ragnar Edvardsson (2014). *Greinargerð um neðansjávarminjar í Tálknafirði og Patreksfirði: Vegna tilvonandi fiskeldis í Tálknafirði og Patreksfirði.*

Reglugerð um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningarskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi nr. 523/2008.

Reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020.

Skipulagsstofnun (2021, a). *Afrakstur samráðs – Samantekt samráðsvinnu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.* Sótt af <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Samantekt-samradsfundir-samradsvefsja-Vestfirdir.pdf>.


Skipulagsstofnun (2021, b). *Samfélag, nýting, náttúra – Greining á forsendum fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.* Sótt af https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Samfelag-nyting-nattura_forsenduskyrsla-Vestfirdir.pdf.

Skipulagsstofnun (2022). *Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022 – Viðbrögð svæðisráð við framkomnum athugasemdum.* Sótt af: <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Vidbrogd-svaedisrads-vid-framkomnum-athugasemdum-Vestfirdir.pdf>.

Vestfjarðastofa (2019). *Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.* Sótt af https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastofa_soknaraaetlun-2020-2024.pdf.

Vestfjarðastofa (2021). *Samfélagssáttmáli um fiskeldi á Vestfjörðum.* Sótt af <https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/fiskeldi-framtidarsyn/210715-samfelagssattmali-um-fiskeldi-med-undirskriftum.pdf>.

Vestfjarðastofa (2022). *Áfangastaðaáætlun Vestfjarða - Samantekt.* Sótt af https://www.vestfirdir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaaetlun/96857-vestfjardastofa_dmp.pdf.



Útgefandi: Skipulagsstofnun fyrir hönd svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum